

RÍMUR

AF

VÍGLUNDI OG KETILRÍÐI,

ORKTAR

AF

SIGURÐI BREIÐFJÖRD

1840.

ÚTGEFANDI

EGILL JÓNSSON.

REYKJAVÍK OG KAUPMANNAHÖFN.

PRENTADAR HJÁ E. ÞÓRÐARSYNI OG S. L. MÖLLER.

1857.



THE

OF

THE UNIVERSITY OF MICHIGAN

OF

THE

OF THE UNIVERSITY OF MICHIGAN

THE

OF

THE UNIVERSITY OF MICHIGAN

THE UNIVERSITY OF MICHIGAN

THE UNIVERSITY OF MICHIGAN

68466

FYRSTA RÍMA.

Um mig líf eg allan finn,
sem aldrei náir að deyja:
Iðun, hríf þú anda minn,
og ástardísinn Freyja!

Yfir mér haldið höndum nú
helzt svo megí duga,
á, yðar vald með ást og trú
allan set eg huga.

Allir þekkja eldinn þann,
að sem huga renni,
honum ekkert eðli kann
aptra þess hann brenni.

Eins má særa og hugga hann
hjörtun manni og konum;
heilög nærir náttúran
neista hvern í honum.

Ó þú glóð, sem yndið lèr,
og oss til lífsins kallar,
lofstír bjóða lengstan þèr
lifandi túngur allar

Mèr er vandi að hefja hljóð,
 hnípin kvíðir sála,
 óslökkvandi ástarglóð
 á eg hær að mála.

Meðan efni þyl eg það,
 þánka haldinn kvíða,
 mun eg stefna stúlkum að
 stefjum þeim að hlýða.

Allar vaki verurnar,
 vill svo bjóða Freyja,
 undir taki söngva svar
 sálir góðra meyja!

Meðan um vanda-málin bý,
 mælsku hvessist dugur;
 björtu standi báli í
 brjóstið allt og hugur!

Vitur þjóðin virði ljóð,
 og vina renni augum;
 sízt vèr bjóðum söngva-hljóð
 saudum eða draugum.

Þeim skal vinum fræðið fá,
 sem fært í lagið geta,
 og hafa skyn og anda á
 yrkin rétt að meta.

Fyrst mēr lifir löngun hjá
ljóða-slátt að voga,
svo skal yfir sögu-skrá
söngva draga boga.

Harald nefnum niplúng þar,
norzkar átti lendum,
svarta hefnir Hálfðanar
hára-fagri kenndur.

Einvald ríkis átti hann
enda lands á milli,
ljóma síkis askur ann
ípróttum og snilli.

Sýndi vinum skörúngskap
og skryðdi handar grjóti,
rænti hina, rak og drap,
sem rísa þorðu móti.

Margir flýðu að firrast grand,
fylkir við sem stygðist —
á hans tíðum Ísaland,
eyjan mikla, bygðist.

Jarl ágætur Þórir þá
Þrándheims átti ríki,
hafnar glætu hildi á —
hún var fæstra líki.

Dýrum sjóla dóttur ól
 díkis mána þöllin,
 nefndist Ólöf, hennar hól
 heyrðist gegnum fjöllin.

Hennar mynd og heiðar brár
 hafði engin píka;
 loptin, vindar, lönd nè sjár
 litu aldrei slíka.

Hvíslar ljóma hin lætta brá
 langt til hliða sinna,
 spráklar blóma-blóðið á
 búngum silki-kinna.

Mændu sveinar sjúkir á
 svoldur byrðar Grana,
 ekki neina sólu sjá
 sögðust utan hana.

Ástar þrengdist eldíngr hlý
 innst um rænu-palla —
 hennar lengdist heitið því,
 hana geisla kalla.

Vörður landa vífi á
 vænstu hafði mætur;
 skemmu handa skróða-ná
 skati byggja lætur.

Vandar smíðið bezt sem ber
 buðli handa drósum,
skemman fríða skorin er
 skreytt og grafin rósum.

Í blómsturskurði renna ræð
 rauða gullið fína,
utan hurða og innan með
 eins nam húsið skína.

Svo sem bónin sjóla var,
 selju orma vallar
konur þjóna kurteisar,
 og kenna menntir allar.

Ærnar listir æfði þar
 æsku-höndin tama;
eyjan nista af öllum bar
 ásýnd, snilld og frama.

Ýngis-sveinar ágætir,
 á sem geislann blína,
fóru að reyna ef sörva sèr
 sólin vildi skína.

Þeir tilbáðu bauga-rist
 betur enn guði alla;
jarlinn ráða fær nú fyrst
 freyju orma valla.

Tíðum reyna biðlar bágð,
og beygja hrygginn veika,
meðan steina mundar gátt
með þeim vill ei leika.

Ef þær neita ást að ljá,
og aumka sízt þann grætta,
Freyju heita eigum á,
en aldrei við þær hætta.

Brúkum þrá og bænar-orð
bezt um lángrar stundir,
þá mun sjáleg seima-skorð
seinast verða undir.

Sagan hær oss fælir frá,
fleiri vekur drauma;
minnast ber þann bonda á,
sem bygði dalinn Rauma.

Ketill heitir, kvæntur er,
kænn, ef á að vega,
tvo á skeyta-sendir sèr
sonu efnilega.

Sigurður spaki um sæmdir býr,
sóknar fús til valla;
Gunnlaug akra orma týr
ofláta þeir kalla.

Sonum Ketill kenna vann
korða-leiki framur,
öllum betur einn var hann
íþróttunum tamur.

Ketill stóran frama fann,
fús að beita vigri;
tuttugu og fjórar háði hann
hólmgöngur með sigri.

Átti bylgju-eldingar
öllum bændum fremur;
málafylgjumaður var
mesti þar sem kemur.

Snilli-hljóðin há svo bar
hetjan frægðar mesta,
hvar sem þjóð á þingi var
þagna lét hann flesta.

Kappans hól um hauður-svið
höldar mundu brýna —
Haraldur sjóli vaskan við
vingan lagði sína.

Honum veita buðlung bauð
bæði tign og ríki;
hetjan neitar, hvergi trauð,
svo háttum frá ei víki.

Nokkru sðar sjóli þá
 svani leysti marar,
 stefnir lýðum landi frá
 leiðángurs til farar.

Báða kunda Ketils þá
 kóngur lét sèr fylgja;
 eyja-sundin suður á
 súðum fleytti bylgja.

Seglin dundu, reyndist rá,
 reiða stundu færi;
 ránga-hundar rennast á
 Roga- undir -mæri.

Yrkja má um Eirík jarl:
 öðling happa-slíngi
 ráðin á um Roga-hjarl,
 ríkur stórhöfðingi.

Harald bauð til hallar sá,
 hernum öllum líka,
 grímum rauðu gjörði þá
 gildur jarl að flíka.

Kviknar skraf, því ölvast önd
 arma sylgju þórum,
 því skála-haf á hugar-lönd
 hellti bylgjum stórum.

Strengja-lætin höfðu hátt
hjörtun kætin gisti;
her í sæti harla þrátt
horna-vætu kyssti.

Jarlinn lengi lýðum þar
lánar staupa-flæði,
gefur drengjum gersemar,
gullin vopn og klæði.

Hörpu þengil hæstum bar,
sem hvellast verður slegin;
sèr hver strengur sá að var
silfri og gulli dreginn.

Harpan var hið hæsta þíng,
hæfði tignarmenni:
loginn marar langt í kríng
ljósin bar af henni.

Jarlinn mæti og mildíng, þá
mjaðar lýkur sundi,
út um strætin fetað fá
fram að einum lundi.

Kóngur sèr að sveinar þrír
sátu í skógar-leynum,
einn þó ber með æztan tír
af þeim fögru sveinum.

Taflíð sveinar silfurrent
 setja og leika fríðir,
 tveir mót einum týna mennt,
 tapa því um síðir.

Ryðja taflí reiðir þá
 rekkar þeir er tapa,
 reyna afl og ráðast á
 runninn dýnu japa.

Sá sem áður vinna vann,
 varla hafði miður:
 felldi báða hina hann
 og hèlt svo jörðu viður.

Jarlinn býður sveinum senn
 soddan háttum týna —
 taflíð fríðir auka enn,
 íþrótt mesta sýna.

Horfði þjóð og hildíng á
 horska sveina lengi;
 hilmir tróð að höllu þá,
 honum fylgdi mengi.

Svo að borðum sveitin fer,
 seyddum krásum flíka —
 kvæða orðum hnignar hær,
 hressíng þarf eg líka.

ÖNNUR RÍMA.

Hvað má bjóða beztum fljóða skara
í mansöngs skyni, meðan hær
menntavini kvæðin ber?

Veit eg meyjjar munu segjast eiga
formálana, er flytjum vèr —
fornan vana helga ber.

En eg þykist að þeim vikið hafa
nokkrum bögum, þegar þjóð
þuldi sögu-málin fróð.

Við hverja rímu á hvíldartímum mínum
kátra sprunda kvað eg lof,
kannske stundum þó um of.

Gjöfin hver til gjalda sèr og launa,
því eg mæni einatt á
eðal- væna -steina-gná.

Á þær trúi eg allt eins nú og forðum,
þó að sprundin hafi hær
harma stundum aukið mær.

Hvar sem trygð að hugar-bygðum situr,
mun hún sjaldan meinafrí
mega halda býli því.

Þar sem yndi einn vill binda viður,
 magna vinda meinsemdar
 myrkra-kindur öfundar.

Ástin fljóða eðlisgóða og blíða,
 oss þó mæði ílskan grá,
 óðum græðir hugarþrá.

Mèr þær tíðum mikið blíðar voru,
 að þó líði ama-ský,
 óðum stríði eg gleymi því.

Huggun þá í huga má eg geyma,
 þótt eg eldast ætti hær,
 ei eg held þær gleymi mær.

Þar sem rósa-rauðir ósar flóa,
 sjóli og jarlinn setið fá;
 siklíng spjalla tekur þá:

“Hverir voru virta-stóru sveinar,
 er náðir sýna sjálfur mær?”
 “synir mínir, jarlinn tær.

“Eru bræður eins sammæðra þessir?”
 öðlíng frètti áleitinn;
 “ei er þetta,” sagði hinn.

“Þú munt greina góðra sveina heiti,”
 hirðir spjallar hafsólar;
 hefur jarlinn búið svar:

“Sigmund hétum svein og metinn Helga,
Þorgríms snilli þó af ber,
þessi frillu-sonur er;

“Á þó mæta móður gætir bauga —”
um þessar mundir sjóli sá
sveina skunda gólfð á.

Þorgrím síðast sáu lýðir gánga,
hann því minna metinn var;
mynda vinnur jarlinn svar:

“Heilsun vandið hæstum landa stjóra!”
komu þegar kátir tveir,
kurteislega heilsa þeir.

Frá sèr báðum bægja náði Grímur,
fótborð stillis fetar á,
af fremstu snilli heilsar þá.

Þá nam blíður brosa lýða stjóri,
sèr hann niður setti hjá,
síðan biður frèttir tjá:

“Mig þú frætt um móðurætt ef getur —”
hinn er síði bezta bar
bauga-viði gefur svar:

“Hersir Þórir, happastór, í Sogni,
veit eg móður minnar er
metinn bróðir, kunnur þèr.”

Bauginn handar beztan landa-vörður
af sèr dró og úngum gaf,
eflir þó við jarlinn skraf:

“Af oss raunar áttu laun að taka
fyrir væna veitíng hær,
velja bæn þú skalt að mær.”

Jarlinn kætist, kónginn lætur skilja:
“Þenna svein ef fóstura fer,
fögnuð hreinan veitir mær.”

Þessu játar jálkur gráta Lofnar;
þaðan heim með þorgrím snýr,
þjónar beimur kóngi skýr.

Snilldarmaður metinn hvaðan-æfa,
flestri hraður sþrótt í,
öfundaður verður því.

Veizlu þáði vísir fjáði eina,
hersi ríkum hjá það er,
híngað líka Grímur fer.

Kóngur lætur kappann mæta þjóna
fyrir borðum fíra þá;
flest í skorðum hefur sá.

Hersir sá þar hlýra á í ranni;
í öndvegi öðru hann
ölva-teigi sötra vann.

Ber þorgrímur blindi skýmu Óma
fullið eitt, en fæti drap —
fljótt þá breyttist hinum skap.

Ansar þrútinn: “argur þútu-kundur!
svín að geyma sæmir þær,
en síður beimum færa ker.”

Grfmur reiðist, greipar breiðan skjóma,
gegnum manninn hendir hann;
helja spanna fær svo þann.

Dauða-blóð um bekkinn flóði niður;
hersir reiður hljóp á fót,
hölda beiðir þrifa spjót.

Kóngur tjáði: “kveð eg ráðið betra,
eiga þrætur vörumst vèr,
vil eg bæta manninn þær.

“Af þeim freku orðum sekur dauða
var ódáða-vomur sá;
vil eg ráða bótum fá.”

Hersir sèr að svona vera hlýtur:
lofðúng galt þar lófa snjá,
líður allt það mál í dá.

Veizlu sjóli á valdastóli heima
múga gefur manna þá
mikið hefur gengið á.

Jarlinn Þórir þángað fór að vitja;
 Ólöf geisli einnig þá
 öðlíngs veizlu þiggja má.

Ketill ríki komið líka getur;
 margir gánga aðrir inn —
 eg kem þángað sjálfboðinn.

Það er bert, að þá var vert að lifa:
 gjörvöll æfin veizla var
 við óhæfis-drykkjurnar.

Nú því miður mjaðar-iður þorna,
 okkar tunnur allar hær
 aptur munninn láta á sér.

Í kaupstaðina kem eg vinalegur,
 innan sleiki ámunar,
 í mér kveikist gleði-skar.

Ef þá heilann eitthvað feila kynni,
 undra saga af því fer,
 aptan naga búrarnir.

Inn í ranna öðlíngs manna skari
 koma vann í tæka tíð;
 tunnu spanna börnin fríð.

Þorgrím mæta mildíng lætur bera
 bikar-síkin borðin á;
 bezt að slíku kunni sá.

Undrar lýði á hans prýði-siðum,
 þægum skrúða þakiðan
 þorgrím þrúða nefndu mann.

Um þær stundir úngur mundi líta
 þá sem undrun allra fann,
 ýngis-sprunda heiðgeislann.

Ástin höndum hann og böndum tekur;
 Freyja loga í brjóstið brá —
 bragðið vogar mála fá.

Ekki miður mána iðu nanna
 hrærast finnur hugsanir,
 hans þá kinna blómann sèr.

Loga-taugar tindra í augum beggja,
 sáu þaug, en aðrir ei,
 ástin smaug um herkju-þey.

Fá þau tóm og firrast hljóminn sala,
 sú sem blóma æztan á
 og askur ljóma fjarðar sá.

Hetjan spurði handar urðar þrúði,
 hvernig stæði hugarfar,
 hann ef bæði þíkunnar.

Roðnar svanni og ræðir manninn viður:
 “þèr eg ann, sem innra finn,
 ef ekki bannar faðir minn.”

Veizlan þraut, en vitur gautur klæða
frægan jarl um fljóðið það —
fátt vill karlinn tala um það.

Við það skilja viðir ilja hlenna;
skömmu síðar gróna grund
Grímur ríður jarls á fund.

Bónorð aptur boga-raptur vekur;
vann með góðu vísa frá
vopna-rjóði jarlinn þá.

Hafði sæti samt um nætur þrennar
jarli hjá með heiðri þar
hetja kná við staupa-mar.

Um þær tíðir Ólöf fríðu viður
eiðum bindur einka-mál;
ástin kyndir beggja sál.

Heim svo reið; en hrindir skeið að víði
vopna-grèr með valið lið,
í víking fer um sumarið.

Neytti handa, og hristi brandinn þúnga;
eyja-banda eldíngrar
ómælandi græddi þar.

Bóndinn Ketill — bragur geta verður —
ekkill varð, og unir sízt,
út af garði sínum býst.

Þórir jarlinn þrekinn karlinn hitti;
 sem í leiddur sæti var,
 svinnrar beiddi Ólafar.

Stillir þar og staddur var með jarli,
 viður skála varma-bað
 vinar-máli fylgdi að.

Af því jarlinn jálki fjalla handar
 fofnis-látra festi nó;
 fljóðið játar ekki þó.

Vífi spaka af vörum staka flýtur,
 lærðu sveinar sönginn þar,
 sú er meiníng vísunnar:

*“Veit eg háum hljóðum má hann valda,
 úr hærðum karli hljómur sá
 haddar-fjallið trylla má.*

*“Eiða vann eg æðra manni forðum,
 engan fegri augað sá
 og ástúðlegri, enn kempu þá.”*

Allir sjá, að svanna brá í kinnum,
 ástin vanda vífi bjó,
 verða að standa festar þó.

Á rökstólana ristu vana-gyðja,
 hárafríð og hjartagóð,
 hugarstríði sviptu fljóð!

Láttu hæru-hrikann særa ekki
 yndis-ljóma liljurnar,
 lífsins blóma málaðar!

Láttu hann, sem lífið ann, þess njóta,
 og ástar-gæðum seðja sig,
 svo þau bæði lofi þig!

ÞRÍÐJA RÍMA.

Hver vill ræna hita frá
 heiðri sól um vorsins daga,
 sem lundi grænum logar á,
 í loptið vill hans greinir draga?

Hver vill reyna að hræra fjöll,
 og hjörtu þeirra sundur mola,
 sem skruggu-steina og ósköp öll
 eru búin við að þola?

Hver vill banna fjalli frá
 fljóti rás til sjávar hvetja?
 veg það fann, sem manngi má
 móti neinar skorður setja.

Hver má banna að blómstur tvenn
 bindi saman heldar rætur,
 og vaxi þannig saman senn,
 sem náttúran vera lætur?

Hver vill binda huga manns,
að hvergi megi þaunkum fleyta?
þar sem yndi eirir hans,
æðíð mun hann þángað leita.

Hver má skilja flóð við flóð,
farveg einn ef hitta taman,
og skilja vilja blóð við blóð,
sem blæðir tveimur æðum saman?

Engir menn því orkað fá,
og aldrei heldur munu kunna,
að halda kvenna hjörtum frá
honum, sem þær vilja unna.

Trygðin há er höfuð-dygð,
helzt ef margar þrautir reynir;
hún er á því bjargi bygð,
sem buga ekki stormar neinir.

Allrahanda hrekkja-spil,
hræðslu og vanda trygðin brýtur;
hennar band og ástaril
ekki fjandinn sjálfur slítur.

Drósum segja dæmin kunn
dirfist eg um hennar blóma —
legðu, Freyja, mál í munn
mér að sýngja helga dóma!

Hrynum spúði Hræsvelgur,
hróðug greiðir bylgju-tröfin,
þegar prúði þorgrímur
þandi skeiðir yfir höfin.

Að Noreg settu sjó-hestar;
svinnur veitir stjörnu hylja
öðrum frètti að Ólöf var
eignar-heitin móti vilja.

Kóng sèr beiðir lið að ljá,
lundin svall af ást og bræði,
bauga-heiði burt að ná,
bóndi og jarl þó móti stæði.

Undan skorast vísir vann,
vinskap Ketils rækir fremur;
svo fram bera svörin vann:
“soddan ei að haldi kemur —

“Við hann etja ei mun tjá,
álfinn branda frægðir styðja;
en dóttur Ketill eina á,
sem eg til handa þèr mun biðja.”

Viðris tjalda viður tær:
“vil eg þín ei ráðin nýta;
við Ólöf halda eg ætla mèr
eiða mína, en hvergi slíta.

“Ef eg nái ei að fá
 ágætt sprund, sem til eg vona,
 mína þá skal arma á
 engar stundir leggjast kona.

“Þèr ei fremur þjóna vil,
 þar ei dáðir viltu sýna.”

Mildíng semur mála-skil:
 “máttu ráða um hagi þína.”

Hetjan únga orða-slíng
 öðlíng kveður; ríkur tiggí
 merkur-þúngan handar-hríng,
 hetjan biður af sèr þiggi.

Svo til manna sinna snýr
 sá og annar fram að veri;
 ísu-ranna elda-týr
 aptur vann að búa kneri.

Kvöldið þetta fregnað fèkk,
 — frekast glettur herkju vinda —
 að mundi sett á brúðar-bekk
 bólmey kletta fálka-tinda.

Bregður drengur þá við það,
 þetta sinni göngnu hraðar,
 Þóris gengur garði að
 á gólfi inni nemur staðar.

Tjöldum breidd var höllin há,
 hafa setu tekið bragnar;
 brúður leidd er bekkinn á,
 bóndinn Ketill henni fagnar.

Ósinn skála virða-val
 vökvar lengi fjarri ugga;
 ljósin mála sætis-sal —
 sá þar enginn nærri skugga.

Grímur þá kom gólfið á,
 gestur sá var boðinn ekki —
 mörgum brá, er manninn sá,
 mæla náir kappinn þekki:

“Er þér, Ketill, Ólöf fest
 orðum hennar með og vilja?”
 bóndinn metinn góðum gest
 gjörði senn á móti þylja:

“Þórir fljóðið festi mér,
 frekast slíku mun hann ráða;
 litlar bjóðast þakkir þér
 þótt eg þíku eignist fjáða.”

Ansar hinn: “eg segi sann,
 svarið sprund mér eiða hefur;
 hún má inna atburð þann” —
 Ólöf stundi, og svarið gefur:

“Þessu eigi móti má
 mæla fljóð, en lýsa sanni —”
 Grímur segir: “eg þá á
 auðar-slóð fyrir hverjum manni.”

“Þú skalt aldrei fljóðið fá,”
 fleytir Ketill orðum þráum;
 “skilja baldur álma á,
 undan lèt eg manni fáum.”

“Garpar þora,” Grímur tér,
 “grobbið reyna þitt og hendur;
 á hólm eg skora, hrikinn, þær,
 hafi meyna sá sem stendur!”

“Þess skal njóta,” Ketill kvað,
 “kappa næga hef eg inni;
 hëðan fljótast farðu á stöð, /
 fyrr enn dægur æfi linni!”

Gyðjan Freyja Gimli á,
 sem glædir blíðar tilfinningar,
 nú með eigin augum sá,
 ástar-stríðið brúði þvíngrar.

Tók, sem á, af hvítum hauk
 ham og brá nú skjótast viður,
 loptið bláa straumi strauk
 og stefndi þá til jarðar niður.

Svífur inn um sala-þak,
þar seggir mæta veizlu þiggja;
vængja sinna blessað blak
blysin lætur yfir skyggja.

Varð í ranni þoka þá,
þar sem vængi fálkinn skekur;
ekkert manna augað sá,
óttinn fanga brjóstin tekur.

Grímur fann þó fljóð, sem ann,
faðmar þá í arma báða;
út úr ranni hvatar hann,
hinir sjá ei reyni dáða.

Inni hrindast hinir mest,
haukurinn góði líður þaðan;
ljós í skyndi síðan sèst,
sá nú þjóðin líka skaðann.

Bar á skeiðir sörva-sól
svofnis-heiða reyni-viður;
lætur reiða- herða -hjól,
og húna- greiðast -falda niður.

Um þær mundir Freyja fló
fram að sæ í skugga nætur,
sig í undirdjúpin dró
og dætur Ægis rak á fætur.

Þær hún beiðir lið að ljá,
landi skeiðum frá að ryðja —
 upp svo leið um loptið blá
og ljósin heiðu völdug gyðja.

Losna strengir öskum af,
öldur hvæsa ný-vaknaðar;
 flotinn gengur fram á haf,
ferðum æsir storma hraðar.

Skipið flaut í lófum lár,
lètt á undan vindi setti,
 unz úr skauti unnar blár
Ísa-grundin tinda rètti.

Vinda þögðu hljóðin há,
hrannar- blundinn -dætur kjósa;
 Hraunhöfn bundu aska á
álfar sunda morgunljósa.

Ketill tapa kvendi má,
kæti-vana, illa smáður;
 hefndir skapa hyggur sá
Hropta-grana reiði-bráður.

Var útlægur Grímur gjör,
gat sèr forðað þó úr skaða,
 þar sem frægur festi knör
við frónið norður snjólitada.

Keypti úngur Íngjaldshól,
 og þar setti búið fríða;
 giptist þúnga Grana sól,
 gaf um þetta sízt að bíða.

Hólmkell bjó við Hólmkelsá
 Hóli nær um þessar sveitir,
 þvita lófa þrumu á,
 Þorbjörg mærin illa heitir

Áttu kunda: annar var
 Einar heitinn þeirra hlýra,
 Jökull mundi menntasnar
 mæki beita og flesta rýra.

Í sveitum gjörðist Grímur þar
 göfugastur sinna búa;
 við hrínga-njörðinn Hólmkell snar
 hæld um æfi vingan trúá.

Á Íngjaldshóli, fús á frið,
 fyrsta haustið, sögur spjalla,
 fæddi Ólöf ungan nið
 og þann Trausta lætur kalla.

Vetri síðar annan á
 arfa hlíðin linna-reita,
 vænstur lýðum virðist sá,
 Víglund fríðan bragar heita.

Þorbjörg fær að Fossi-jóð,
 fyrr enn vetur þessi líði,
 andlits-skæra únga fljóð
 ýtar hétu Ketilríði.

Þroska bláa beggja jóð,
 blómgast fjörið, tíminn líður;
 vænst og fríðust virðast þjóð
 Víglundur og Ketilríður.

Tíu vetra Víglundur má
 vaskari meta körlum stórum,
 íþrótt getur hverja há
 hinum betur sverða-þórum.

Hólmkell ríður Fossi frá
 fram á Hól með dóttur bláa;
 Ketilríði kenna á
 konan Ólöf sauma fríða.

Á sér dóttur, Helga hét,
 hrundin klæða þessar mundir:
 kvenniþróttir læra lèt
 ljóma flæðar báðar grundir.

Æfði líka únggæðið
 annan hátt, sem títt vill ráða:
 lèku meyjar vænar við
 Víglund þrátt og Trausta báða.

Tíðum þannig lætt í lund
leika mundu, búin þryði;
hlotnast vann á hverjum fund
hann Víglundur Ketilríði.

Vingan dá því vaxa má
veiga-gná og skjóma-hlenna;
ekki má hvort öðru frá
augna bláu stjörnum renna.

Eina stund við vífa val
— vaknar yndi þánka-reitum —
Vígalundur vekur tal:
“við skulum bindast ástar-heitum.”

Ketilríður kveður þá:
“karlmanns-sinni breytist tíðum,
ýmsum kvíða meinum má,
þó manni vinni unna fríðum.

“Móðir sein til ásta er,
ann mæð súa í litlu gildi —
en ekki neinum eins og þær
ást og trú eg sýna vildi.”

Marga stund þau mæla dátt,
meðan fundir ekki dvína;
eiðum bundu, á allan hátt
ástar-lund og trygð að sýna.

Þeir sem fá í faðma sprund,
finna þá til engra meina;
en ýmsa þrá og amastund
opt vèr fáum síðar reyna.

Þótt að leira bráins bil
Beslu-vindum kæti sendi,
þar skal fleira en flasið til
fast að binda sig við kvendi.

FJÓRDA RÍMA.

Vindum undir veit eg sèst,
vaðið skýja-sveimi,
fjallið allra æzt og mest
eitt í norðurheimi.

Æsir vísir spennu-spjall
spekt es þekktu haga,
Hnitbjörg lètu heilla-fjall
heita forðum daga.

Sèr að ber við svölu ský
silfurhvítan hökul;
fjallið kalla fírar því
flestir Snæfellsjökul.

Tindi vindum ofar á
 einar stjörnur búa;
 hér má kerid helga sjá,
 sem heimsins skáld á trúa.

Ræsir ása Óðhrærir
 eðla nefndi brunninn;
 fylling allra fræða er
 frá því niður runnin.

Þaðan breiðast ótal ár
 ofan fjalls um stofna;
 veldur kaldur vetra-snjár,
 að vökvar slíkra dofna.

Keim og dóm af lífsins laug
 lítinn árnar flytja;
 því sem mý að mykju-haug
 menn við þessar sitja.

Okkur smakkar allvell það
 öl, sem minna kraptar;
 lækjum sækja opnum að
 óteljandi kjaptar.

Grytta og hætta hamra-braut
 harla fáir voga:
 í fangið gengur þreyta og þraut,
 ef þángað upp skal toga.

Eggert glöggur Ólafsson
 eðla mjöðinn þráði;
 hafinn ofúrhuga-von
 hæst á tindinn náði.

Arfi þarfur Þórarins,
 þjóðar-skáldið háa,
 í sporin þorir hvata hins
 á heiðar-toppinn bláa.

Egils frægi arfinn, hvar
 ofur-gáfur skína,
 hefur án efa á hæðum þar
 helgað öndu sína.

Fyrst eg næst við fjallið bý,
 hvar fræða-guðir vaka,
 teiga drjúga ánum í
 óhætt má eg taka.

Stökur vekur tóna-teins-
 tvíblindis söngur kjóa:
 Jökull tekur, Einar eins
 óspektir að þróa.

Þorbjörg karga latti lét
 ljótu beita sinni,
 Hólmkell álma-ulla títt
 að þó ráðum finni.

Bræður Óðan áttu jór,
 að sem skaða leiddi,
 grár á hár, var harla stór,
 hesta flesta meiddi.

Digrar víga-tennur tvær
 tagla-uglan hafði,
 meinin einatt auka þær,
 at ef þreyta krafði.

Vakar-kveikjar verinn þar,
 Víglundr frægur, átti
 hestinn bezta, bleikur var,
 blóma geyma mátti.

Einar greinir eitthvert sinn
 illa mellu viður:
 “Þrekinn hroka þorgríms finn
 þrykkja okkur niður;”

“Ólöfu tæla undan hal
 eg skal voga að reyna,
 hans það stanza hroka skal,
 þó hvetjast látum fleina;

“Slinnann kunnum loks á láð
 láta þrútinn falla —”
 Grylan talar: “rausnar-ráð
 rétt má þetta kalla.”

Þegar hagar hófa-stól
 heiman Grímur ríður,
bræður æða á Íngjaldshól,
 önnum sinnir lýður.

Kona ein, er seggi sá,
 segir freyju spánga,
að bræður leiðir Fossi frá
 ferðir herði þángað.

Ólöf talar: “höfum hljótt,
 hróðug ráð svo kanni,
klæðum báðar skipta skjótt
 skulum við í ranni.

“Seztu glæst í sætið mitt,
 svörin heyrum glanna;
eg ótreg mun annast hitt,
 að ei skaði svanna.”

Inn nú slinum vikið var,
 vella-þöll hvar bíður;
Einar greinir upp nú bar
 og ásta-kost ei síður.

Sjá þeir þá í salinn mann
 sætu fæti bruna,
bláa á í hendi hann
 Hildar eldúnguna.

Stór ei var, en víg-búinn,
 virðar spurðu að nafni;
 Óttar þóttist heita hinn,
 er hjalta- velti -fafni.

Þrútinn heitum huga er
 hann og fann til sagna:
 "út nú leita þurfið þér,
 Þorgrím gjörum fagna."

Hlýrar snarast fljóði frá
 fara dyra leita;
 flokk af rekkum fara sjá,
 er fáka mjúka þreyta.

Glópar hleypa Hóli frá,
 hross að Fossi keyra;
 hrópleg sneypan þótti, þá
 þegnar fregna og heyra.

Ólöf stálið beitta bar,
 búin týgjum manna,
 en fjöldi gildur fænaðar
 fældi tryllda glanna.

Trúum því, að Freyja fríð,
 sem frjálsum unnir sálum,
 hefur án efa um þá tíð
 átt hær þátt í málum.

Grímur heim þá kátur kom,
kvinnan sannin tjáði,
hvernig fyrna-fælinn vom
fleka og leika náði.

Fátt um þetta hjalar hann,
hvergi þótti saka,
fyrst að lista-vífið vann
vansa engan taka.

Aptur hleyptu Fossi frá
fírar orma-valla,
hittu brátt á Hóli þá
heima feðga alla.

Frétta um þetta Víglund vann
vakurt Jökull gildi:
hest hvort bezta bleikan þann
bræðrum gefa vildi.

Neitar skeyta-hlynur hinn,
hrikinn Jökull tjáði:
“gjafa-lof þér lítið vinn,
linda-þundur fjáði! . . .

“Getur betur þóknast þér,
þor ef nær að duga,
að etjast létum hesta hér —
hinn skal annan buga!”

Víga- frægur -lundur læzt
 letja þessa eigi;
 koma nam með hraustan hest
 hann á stefnu-degi.

Jökull rekur blakkinn Brún
 brátt á völlu slætta,
 hófum rífur trylltur tún,
 teygði búkinn þetta.

Vakur Bleikur Víglundar
 völlinn skellir sporum,
 óðum flúðu eldíngrar
 út úr nasa-borum.

Í hríngi kríngum hleypur sá,
 hvatra neytir fóta,
 hneppti eptri hófa á
 heppinn snoppu ljóta.

Brúna núna blakksins hann
 brýtur ljótar tennur;
 hrífa og rífa í huppinn vann,
 hroða-blóðið rennur.

Klárinn sári dauður datt,
 dárar sjá hans bana;
 bræður reiðir hrífa hratt
 Hildar lángeidana.

Víglunds fræga fálka-stètt
fíkar líka skjóma;
Trausti brauzt í leikinn lætt;
um leirinn heyrast róma.

Grímur kom og Hólmkell hjá,
hindra fundinn manna:
Helja telja hefur þrjá,
er hennar vitja ranna.

Tvo þar vo hann Víglundur
af vinnu-slinnum hlýra,
þrekinn Jökull þorugur
þriðja sneiðir svíra.

Máttu hætta svo um sinn
sára-stórhriðinni;
Þorgrímur bar við Hólmkel hinn
hvergi vingan minni.

Heyra fær hann Hólmkell það,
hvergi líkar síður,
Víglund dregur ástum að
únga Ketilríður.

Þorbjörg karga vildi verst
Víglundi og brúði,
spillir ill um friðinn flest,
til fólsku bræður knúði.

Tíðir líða þannig þó,
 þar á Íngjaldshóli
 fríða víðis-bjarma bjó
 bríkin, rík af hóli.

Víglund og hans vífi frá
 votta bragnar ríkir,
 að landi fyndust Ísa á
 ekki forðum slíkir.

Listir flest og fegurð há
 framast prýddi bæði;
 ástin bezta báðum hjá
 bjó um sig í næði.

Minnast vinnum aptur á
 arfa Hólmkels leiða;
 um nóttu sóttu Fossi frá,
 fram til þramma heiða.

Blakkinn þekkan Bleik þeir sjá,
 beita spjóta-önnum;
 varðist harður mest sem má,
 máttar- beitti -tönnum:

Gyllir varla veitti ró,
 veifar hófum stinum,
 illa galla-slögum sló
 slíngur löngum sinnum.

Varðist harður hvötum fót
 hestur lengi nætur;
 seinast hinir henda spjót,
 hann svo fjörið lætur.

Aðra hraða illir nátt
 út um nauta-haga,
 finna vinna beljur brátt,
 brögðin stygða laga.

Þorgríms rara þjóra tvo
 þeir frá stóði keyra,
 slæmir heima slátra svo,
 slíkt má enginn heyra.

Móðir sýður krásir kná,
 kyndir í leyndum blossa —
 víða síðar veik að gá
 Víglundur til hrossa.

Folann valinn finnur hann
 fjósi brúsa undir
 heli kvalinn böls við bann,
 blóð hans klæðir grundir.

Þjóra stóra úr högum hær
 horfna finnur líka;
 heim á sveim til föðurs fer,
 fregn nam bera slíka.

Geta vitrir virðar því
valdi Hólmkels synir,
því búi voru andar í
engir trygða-vinir.

Ríður síðan heiman hress
Hólmkell Grím að finna,
getur metinn garpur þess
og glæpa arfa sinna.

Byður fríðum bónda sá
bætur nauta þiggja
í vina-skyni, en ekki á
efnin stefnu hyggja.

Játar snotrum virkta-vin
veitir fljóta-ljósa;
taldi gjaldið hetjan hin,
hann sem vann að kjósa.

Sáttir stytta síðan tal,
en sannar vinna trygðir;
Hólmkell amlar hófa-val
heim á sínar bygðir.

Hrekkir ekki orkað fá,
ætið þegar vilja,
góðra bræðra hjörtu há
heiður við að skilja.

FIMMTA RÍMA.

Efnin bragar hefjum hátt
hyggnu mengi bjóða;
bjartan dag og dimma nátt
duna strengir ljóða.

Óðinn laga illa vinnst
og orðum marka sætur,
af því sagan mýkir minnst
mínar barka-rætur.

Nú eg hræðist ósköp ill
í efni binda kvæða,
eða hæði, hvort sem vill,
hettu vinda skæða.

Eg mun fara að efast þar,
en ekki blindur trúa,
þegar karar-konurnar
kunna vindum snúa.

Greinin sú er glópska þrá,
og glepur lunda-bauga;
heldur trúí af tvennu á
tuttugu hundruð drauga.

Heldur galda gamla trú
 geyma í lyndi ætti;
 enn að halda hyrja sú
 herða vinda mætti.

Því svo haldið höfum vèr,
 hvort sem þægra skeður,
 hæsta valdi undir er
 allra dægra veður.

Vèr forsmáum heimsku-hót
 hinna blindu dýra —
 hver er sá er megi mót
 mætti vinda stýra?

Hlýðið, galdra-glópar! mèr,
 sem gæða fátt eg unni:
 reynið aldrei ragir þèr
 að raska nátturunni!

Mín þótt segi sögu-skrá
 svona grófar fregnir,
 trúa eigi maður má
 meir' enn hófi gegnir.

Saga kemur konu frá,
 Kjalvör heitir drylla,
 byggðir nemur Hóli hjá
 hún sem breytir illa.

Hraunskarð landið heitir, þar
 hafði fengið ranna;
 fjölkunnandi vífið var,
 en vinur engra manna.

Þorbjörg fljóðið Fossi á,
 full með illa síði,
 vingan bjóða mellu má,
 mest sem spillir friði.

Hólmkels kundar hraustir þar
 hrekki styðja mega,
 koma á fundinn Kjalvarar,
 kaup við bryðju eiga,

Firðar vildu að flærðar-skauð,
 með fítons-konu ráðum,
 þúnga skyldi þróa nauð
 Þorgríms sonum báðum.

Báðu stríð á bana-svið
 bezta seggi ginni,
 svo Ketilríður Víglund við
 virktir leggi minni.

Hvort því annað elska vann,
 yndis- nýta -standið;
 enginn manna orka kann
 ástar- slíta -bandið.

Nefndist maður báru-Björn,
 bjó við reyðar-haga:
 Þorgríms hraður ára-örn
 á til veiða draga.

Veiði sótti happa-hár
 hnýsu- frá um -völlinn,
 ófær þótti aldrei sjár
 eða báru-föllin.

Á trönu-móa tíðast hann
 tæringi snèri,
 ætfo þó við þriðja mann
 þórinna hrínga reri.

Happa-slíngir hásetar,
 er hafði ráður ferða,
 nú af kýngi Kjalvarar
 kránkir báðir verða

Björn á græna brimla-svið
 bræður fráa og hrausta
 beiddi væna veita lið,
 Víglund þá ok Trausta.

Bræður fara Birni með,
 bát um víði róa,
 Kjalvör var á kreiki sèð,
 kýngi-hríð að þróa.

Upp á læðast kofan kann,
kollinn beran gerði,
hettu-skræðu veifa vann,
veðrið sèr að herðir.

Hinir mundu miðum á
mesta veiði drýgja —
um þá stundu sveinar sjá,
sortnar heiði skýja.

Flókum þeytir austur-átt
yfir sunða-nöðrum,
líka fleytist haglið hrátt
Hræsvelgs undan fjöðrum.

Svo Víglundur segja fer:
“sækja landið verðum;
dröfnin sunða-dúfu ber,
drýgir grand á ferðum.”

Björn þá svarar brodda-meid:
“bárur skaða eigi;
ei skal fara, fyrri skeið
fiski hlaðast megi.”

“Þú munt ráða, hjalar hinn,
hölda önnum þrúðum —”
vaxa bráðum veður stinn,
veltur hrönn með súðum.

Vindur strauk um víðan mar,
 vatnið fauk í rofum;
 kjapti lauk upp kólgunnar,
 kafalds rauk úr fokum.

Stormar trylltu hrygnu-hjúp,
 hvergi stillt á förum
 eitri bilti unnar-djúp
 illsku fyllt af vörum.

“Burt skal fara,” Björn þá tær,
 bylgjur spúa æði.”
 “Fyrri var,” kvað Víglund, “þær
 vænna að snúa af græði.”

Björn og Trausti benda ár,
 brá Víglundur stýri;
 affið hrausta unnar blár
 aptrar sunda-dýri.

Hefur skeiðin hvergi gáng,
 heldur mundi reka;
 aldan reiða fast í fáng
 fellur sunda-dreka.

Bylgjan óð að borðum tveim,
 býsna-hljóðin magnar;
 fyllir óðum undir þeim,
 í austri stóðu bragnar.

Dimmar vaka dætur Hlès,
dignar trafa-hestur;
út þá rak um Öndvert nes
og um hafið vestur.

Víglund sèr að þetta þeim
þeygi mundi hlíta,
einn þá reri árum tveim
efldur þundur ríta.

Stýrir Trausti, stafna-blóð
stafna lætur kljúfa,
Björn í austri bistur stóð,
borðin vætir dúfa.

Róður herðir hetjan kná
háa undir dránga,
að Dagverðará þeir ná
eptir stundu lánga.

Þorkell nefja þarna bjó,
þröstinn festi húna,
Grímnis stefja gautum bjó
greiða beztan núna.

Hugðu lýðir marar-megn
mastra-lundann tæki
Ketilríður fær þá fregn,
að frændur undan ræki.

Fell í dá þær fregnir við
 fofnis-setra-hlíður;
 af nær bráir öngvitið,
 orkti Ketilríður:

*“Eg þá sýn um æginn fer,
 augun tvistu væti,
 síðan minir málvinir
 marar gistu sæti.*

*“Mèr er leiður sorti sjós
 og sólarskinin bára;
 einatt neyðir únga drós
 ástin vinar sára”.*

Degi síðar halda heim
 hlýrar lindar-kjóa;
 hverfur stríðið brúði og beim,
 blómstur yndis gróa.

Svæfir ama ástin góð,
 ei um meinin kvarta,
 var sem saman beggja blóð
 blæddi að einu hjarta.

Heitur eldur ásta því
 álma-vönd og fljóði
 saman heldur einíng í
 öndu, hönd og blóði.

Hèðan sagan hvata má
háttu boga færi,
minnist daga eldri á
úti á Roga-mæri.

Missti Ketill forðum fljóð,
er faðma lysti í ranni,
heiptin etur hjarta-blóð
hefnda-þyrstum manni.

Íngibjörg hans dóttir dýr,
dúfa vakar bjarma,
þótti mörgum mæt og hýr,
mjúk að taka í arma.

Beiddi sá er Hákon hèt
hildar neista víka;
mikið á hann orma flet
ærna hreysti líka.

Ketill segist ver í vil
veita hildi falda
ef hann fleyi áður til
Íslands vildi halda.

“Ef þú ráðum ásta snar
að vilt brúði leiða,
skaltu áður Þorgrím þar
þann hinn prúða deyða.”

Kátur heitir Hákon því
hrínga-lund að saka:
hömlúng fleytir hrannar dý
hauður undir klaka.

Láar jór að landi bar
loga-hlýri granni:
þángað fóru Fossverjar,
að fagna stýrimanni.

Hans erindi heyra ná
hlynir glossa flóða;
vingan binda við hann þá,
og vist að Fossi bjóða.

Sú er vistin svinnum bezt,
sögðu draugar spánga,
okkar systir mærum mest
mun í augu gánga.

Hákon þakkar hlýra boð,
hýrnar fyrst í geði;
fjölnir stakka fór af gnoð,
á Fossi vistast ræði.

Bræður mundu drýgja dáð,
svo duga skyldi manni,
saman bundu brögð og ráð,
baldinn fylgdi svanni.

Hèr þótt uni högum sá,
 hrekkja-spuna að tvinna,
 hef eg grun að gæfan há
 gæta muni sinna.

SJÖTTA RÍMA.

Margvíslega minn þó falla megí hagur,
 er eg samt að yrkja bögur
 yfir vorar fornu sögur.

Vorkunn lítil veitist mér, þó veikur kvarti,
 en margur sá, er minna orti,
 mæðist þó í orða-skorti.

Því mun stúlkum þóknast máske þetta fræði:
 allvel þó eg ekki kveði,
 efnið fer að þeirra geði.

Týri seima tróða gulls ef trygðir læði,
 ríka mætti reikna þryði
 að reyna sig við Ketilríði.

Hún lét ekki hræra í sér á hverjum degi:
 aðra menn þó únga sæi,
 ástin hèle þó sínu lagi.

Hún lét aldrei hjarta sitt nè heitin skeika
 vini sínum virkta-ríka:
 verið þið, stúlkur, svona líka!

Ráð mín lærið, rósir góðar röðuls vaðla!
 einum skuluð elsku miðla,
 þó ykkur þyki vænt um biðla!

Öllum stúlkum vil eg vel, það veit mín trúá;
 helzt eg vildi, hærna eð segja,
 úr heiminum aldrei frá þeim deyja.

Hákon varð í húsfreyjunnar hæstu metum,
 gjörði hann með gjöfum káta
 gríði klæða mikilláta.

Hólmkell bóndi hvergi vildi honum þægja,
 en mátti ekki mikið segja,
 mæðgin báðu hann að þegja.

Hákon spurði, hvar sú væri hadda-fríður,
 sem að honum buðu bræður;
 bóndakonan lengdi ræður:

“Hefur vist á Hóli þessi hýra þíka —”
 beiddi hana baldur mækja,
 brúði þángað láta sækja.

“Fýsn er mèt að finna og sjá það fljóðið hvíta,
 sem losað er til lengstu sveita,
 lifnar mèt því ástin heita.

“Vil eg því að vísu hennar verða maður,
 vingan mín og ást við yður
 óskir þessar veit eg styður.”

Þorbjörg hitti Hólmkel sinn, og hjala náði:
“eg vil nú það ekki bfði,
að þú sækir Ketilríði.”

Hólmkell segir: “hitt mēr þykir henta betur,
að hafi fljóð á Hóli setur — ”
húsfreyjan þá ræðu hvetur:

“Híngað skal nú heim til vor sú hýra þíka,
þó eg eigi sjálf að sækja
sáðjörðina mána lækja.”

“Vil eg eigi Víglundur þá væli brúði,
heldur kýs að Hákon fríði
henni giptist nú með þryði.”

Hólmkell það í huga veit, að hún mun enda,
eptir brúði sjálf að senda —
sá nam því að Hóli venda.

Grímur fagnar hraustum hal með hverja þryði;
Víglundur, sem vanda kvíði,
veik á tal við Ketilríði.

“Hér er kominn Hólmkell, en mēr hugur segir
að þú heim með honum eigir,
og hlýðin þessu vera megir.

“Okkar samt þig ætíð láttu eiða minna,
því aldrei muntu afbragð kvenna!
úr ástar-heitu brjósti renna.”

Gegnir honum fríðast fljóð og fór að gráta:
 “forlög munu á bága brjóta,
 að blíðu þinnar fáir njóta.

“Ekki er víst, að ástin mín sé óheitari,
 og þúngum lengst í þánka vari,
 þótt eg hær um færri svari.

“Minnar eru móður ráð, að meina kæti;
 hennar á eg eptirlæti.
 ekki svo sem þegið gæti.

“Þótt eg eigi þannig viður þrautir stríða,
 ein eg vildi ekki kvíða,
 ef þær mætti betur líða.

“Faðir minn oss vera vildi víst að liði,
 en móðurin og bræður bæði
 banna vilja okkur næði.”

Víglundur þá viku sér að vangi hnossa,
 upptendraður ástar-blossa
 óteljandi seldi kossa.

Tendra brjóstið tilfinningar tryggðar heitrar,
 sem sætar eru bæði og bitrar,
 blóð í æðum hjartans titrar.

Tveimur ekki takast mátti tárur leyna;
 Víglundur kvað vísu eina
 vænni trúðu eðalsteina:

“Engu skal eg unna þannig úngu fljóði,
bragnar svo að fregni fríðir,
fremur enn þær, sem dygðin prýðir.

“Mun þú orð og eiða þá, er ástir bundu,
þó hróðug gríður hörð i lundu
hamli okkar gleðistundu.”

Ketilríður kom þá inn ok kvaddi föður —
“heim þú fara munt oss meður,”
meðalkafla-reynir kveður.

“Hér eg þykist haldin vel,” kvað hrínga-tróða;
“þó mun verða þær að hlýða
og þángað heim að Fossi ríða.”

Fljóðið síðan föður með að Fossi ríður;
Hákon var í huga blíður,
harla þótti svanninn fríður.

Þorbjörg hana þjóna biður þundi ríta,
en hún kvaðst í engan máta
um það hennar boðum játa.

Föður sínum fljóðið þenna flutti vanda;
svarar bóndi: “svo skal standa,
seggnum gakk þú ei til handa!”

“Það eitt skaltu þjóna hér, sem þær má líka,
vertu hjá mæm vænleg þíka,
varast heldur drengi slíka.”

Nótt og daga fljóðið frítt hjá föður undi,
 Hákon aldrei um þær mundir
 orð að tala fær við sprundið.

Hólmkell þannig geymdi góða gullið meyja,
 að hann væri bónda-beygja,
 ber oss ekki því að segja.

Arfar hans, sem ekki höfðu orku veika,
 á Eisutjörn þá auka leika
 ýmsir þangað lýðir kreika.

Þorgríms synir þangað dýrum þófa spretta;
 Ketilríður fær það frétta,
 föður sínum greindi þetta:

“Muntu leyfa á leikinn mér að líta granna —”
 játar bóndi svinnunum svanna;
 síðan bæði þangað anna.

Þorgríms kundar þangað skunda á þjóra beði;
 um þá stund var ærin gleði
 eins það sprundum kæti læði.

Sátu í brekku og sáu rekka sóknir sprundin;
 Víglund þekkir fljóð við fundinn,
 fælir ekki gleðistundin.

Upp með bróður brekku tróð, sá brynjur snfður;
 honum góða bragðið býður
 blóminn fljóða, Ketilríður.

Stóð upp móti stála-brjótum stúlkan fríða;
 bað þá snót að setjast síðan,
 svara-hótum fylgdi blíðan.

Bræður viður brúðar hliðar báðar setjast;
 ásta liðug-orðin hvetjast,
 ei á síðum fornu letjast.

Sezt til handar hægri randa-hlynur kenndi;
 óslökkvandi augum renndi
 á óðinn branda trygða-kvendi.

“Hlynur vigurs!” hjartanlig nam hrundin spjalla,
 “Vígland þig skal væna kalla,
 vafinn sigur dagana alla!

“Einn þér hríng til auðkenníngar eg vil bjóða;
 fékk eg þíng af föður góða —”
 fljóts eldínga mælti tróða.

Hetjan dró á hendi sjóar hitann góða,
 aptur þó nam annan bjóða
 úngri flóa- jörðu -glóða.

Föll í haginn hvoru ægis- hirða -glæður;
 allan daginn auka ræður,
 af því slægir firrtast bræður.

Hákon biður, móðir miður megi líða,
 að þrimla-skriðu þöllin fríða
 þessa síðu brúki tíðar.

Eptir þetta eyjan netta elda vara
 má ei lætt til leika fara;
 lyndið sett varð fákátara.

Ei að sfiður ýtar tíðast auka leiki,
 þótt að stríð í þánka kveiki
 þaðra hýða knött á reiki.

Úr Jökuls mund við frægan fund með fetla-kvarða
 sló Víglundur hnöttinn harða,
 hann þá stund ei mátti varða.

Reiddist hinn og hnöttinn stinna af hendi setti
 að Viglunds svinna sjónar-kletti,
 sundur skinni á enni fletti.

Rennur blóð um bauga-rjóð, því brýrnar hánga;
 kom hans bróðir blíður þangað,
 batt um sóða-skeinu lánga.

Fossverjarnir fólsku-gjarnir firrast skaða,
 voru farnir heim með hraða
 um háлку tjarna ísmálaða.

Líka hinir happa-vinir heim sèr flýta
 Grímur syni gat að líta,
 greinir hlynur- vakti -ríta:

“Sælar báðar systur! ráð þó sæmda dvíni,
 yður háð í svörum sýni,
 sú er smáð, er faldar líni.”

Víglund tær: “eg ekki er með öllu kona,
þó faldinn beri og farfa svona,
frá þér mér ei sneypu vona.”

“Hví var eigi hrikinn sleginn hinn á móti,
eða veginn yðar spjóti?”
Andsvör hneigir Trausti fljóti:

“Vorur farnir Fossverjarnir fyrr enn skyldi;
um bróður hjarna eg búa vildi,
svo betur varnir sýndi í hildi.”

Felldu ræður freyrar skæðu funa víka —
eg er mæðu maður líka,
og megna kvæðum ekki líka.

SJÖUNDA RÍMA.

Dísir ljóða! dugið mér,
dáið svo kvæðum fylgi,
meðan þjóð á mæri hær
mínir þjóðast söngvarnir.

Mitt var yndi áður það,
úngri túngu leika,
stökur mynda og mála blað,
manna hrinda þögn úr stað.

Lýstíng snör í brjósti brann,
 að bála málin kvæða;
 líka fjör þá lána vann
 lifandi gjörvöll nátturan.

Þegar spjöllin hátta há
 hinir vinir súngu,
 var sem fjöllin háu hjá
 á hljóðum öllum stæðu þá.

Öllu kríng mig um varð bylt:
 eins og neins ei gáði
 innbyrlíngin aldrei stillt
 af eigin kynngi gat mig tryllt.

Háttum svara heyrðust mér
 hæðir bæði og dalir,
 elfurnar og aldan hver,
 eins hamfara vindarnir.

Til mín heyra hèlt eg þá
 hverjar verur jarðar,
 steina, eyrar, eikur, strá,
 og allt hvað fleira telja má.

Margan hal eg heyrði og sá
 hlýða smíði kvæða,
 að eg tali ekki þá
 um elda- hvala-jarðar -gná.

Nú þótt hljóðin felli fín,
og fjöri gjöri hnigna,
víða glóða græðis hlín
gömlu bjóðast kvæðin mín.

Eg má sáttur senn í stans
söngum þröngum leika:
um sjórar áttir fanna lands
flýtur háttur kveðandans.

Einna mest eg óska vinn,
þó öðrum fjöðrum týni,
háttu-lestur lífi minn
lands um vestur-sjórðúnginn.

Mín nær engin Íslands þjóð
eyrum heyrir kvæði,
mun eg genginn lífs af lóð
og lokin strengja raustin móð.

Þorgríms kunda vísan veik
vitja hlýtur núna:
fífu-lundar fara á kreik,
að Fossi skunda og reyna leik.

Að leiknum fara Fossverjar,
fjórir vóru þrennir;
þykkjan varir Víglundar,
á víði mara knöttinn bar.

Jökuls setti enni á
ullur böllinn skíða,
sundur flettist húðin hrá,
hánga grettu brýrnar frá.

Fólinn þá um glímu-göng
góðan óðinn klæða
hugði slá með hnattar-stöng,
við himin bláan vopnið söng.

Höndum taka heljarmann
hetjan getur fljóta,
svo á klakann keyrði hann,
í kroppnum braka og ísnum vann.

Öngvit fann af falli hann
flóði blóð af vitum,
hlaðinn banni, hálfdauðan
heim nú grannar bera þann.

Skjótt nam bata fólið fá
af falli varla hægu,
lækníng gat, og lengir þá
leiki hvata í stofu sá.

Þeir Víglundur þángað enn
þora sporin hvetja:
í stofu skunda sveinar senn,
sömu stund þar leika menn.

Ljóma viður láar þá
 lítur Ketilríði;
 settist niður henni hjá,
 hugarfriður lifna má.

Tafl Hólmketill taka vann,
 týri færir korða;
 kappinn metinn fögnuð fann,
 við fljóðið getur leika hann.

Orðin laga elskunnar
 auðar-slóð og maður;
 gæfu-hagur þjónar þar,
 þá var dagur gleðinnar.

Hákon bæði og Þorbjörg þá
 þrúðug miður una;
 heiptin glæða hugann má,
 Horfðu bræður líka á.

Búast þaðan brátt um slóð
 burir Þorgríms þrúða;
 elda vaðals eikin rjóð
 út á hláðið með þeim tróð.

“Bræður mínir,” mærin tær,
 “munu í leynum bíða,
 og sveðjur brýna sárlyndir;
 seggir sínir gisti hér!”

“Víst skal fara,” Víglund tær,
 og vífið ljúfa kyssti —
 kappinn snar sá klotinn ber,
 kemur þar sem girðing er.

Fram þar gánga Fossverjar,
 fjórir voru þrennir,
 Óðins lángrar eldíngrar
 öldin stránga í hendi bar.

Tólf að skunda tveimur þá,
 tryllda hildi vekja;
 hann Víglundur bæsing brá,
 blóð um grundu rennur þá.

Tveimur laust hann lætur frá
 líf í kífi verða;
 felldi Trausti þriðja þá,
 þorna-raustin heyrast má.

Jökull illi innir þá:
 “allvel kalla eg fara;
 nú með snilli förum frá,
 fleina stilla skulum þrá.”

Síðan hröðu hlaupi á
 heim að sveima Fossi;
 sínum föður segja frá,
 svo óglöðu bræður tjá:

“Vígslund deyða vorra þrjá
vinnumanna kunni,
vèr, sem sneiða vildum hjá,
vopnin breið ei reyndum þá.

“Vildum yðar vilja og ráð
vita ítarlega,
áður friðar eyddum dáð,
eða sniðum vargi bráð.”

Hólmkell reiðist heldur þá;
hlýrar snarir eggja
Hákon beiðast fljóð að fá,
falla greiðast það nú má.

Mellan illa þorbjörg þá,
þúngum slúngin huga,
þetta vill og eggjar á;
öllu spillir sem hún má.

Bóndinn heitir brúði þá,
bríkin dýkja-ljóma,
sem blóð-heitir ástir á,
ekkert veitir þar til já.

Síðan frètti Hólmkell hær
hrekki rekka alla;
mesta um þetta þykkju ber,
þegar pretti dólga sèr.

Hann Víglundur heyrir nú,
 heitin snótin væri;
 að Fossi skundar breiða brú,
 bezt hann mundi sína trú.

Heldur deilir hetjan á
 hlíði fríða klæða;
 ástir feila sagði sá
 sólar- keilu-landa -gná.

Burtu síðan búast fer
 bróður góðum meður;
 Ketilríður úti er,
 ærið stríð í huga ber.

Hún svo ræðir: “hjá oss enn
 hlýrar dýrir bíði!
 mínir bræður munu senn
 miðjúngs- glæða -ljósin tvenn.”

Silkiborða sólu þá
 svarar snar Víglundur:
 “þín eg orðin meta má
 minna enn forðum, klæða-gná!

“Hvergi leyna mèt eg má,
 mækja-sjúk þó sjái — ”
 vísu eina orti þá
 eðalsteina-týrinn sá:

“Þinn eg trúnað treysti á
tróða glóða flæðar!
hitt eg núna merkja má,
maður frúna tælir sá.

“Dugðu ekki oss um stund
eiðar, bliða og kossar;
seint má þekkja svanna-lund,
svikið rekk nú hefur sprund!”

“Ekki þykist eg”, hún kvað,
“enn með sanni hafa
okkar vikið ást úr stað;
álas mikið sárt er það.

“Vert að hýsing vorri hær,
vinur! eina grímu —”
Aptur vísu yrkja fer
akra hnísu sólar ver:

“Mun eg síður öðrum ei
elið þola sverða;
ráðin gríðar Gríms á mey
glæða strið í herkju-þey.

“Hitt eg bera miður má,
mærin dýrust kvenna!
ef eg þær í örmum smá
annan geri titt að sjá.”

Bræður skunda brúði frá
 beinar sínar leiðir,
 skíðgarð undir nokkurn ná
 neista sunda týrar þá.

Fimmtán manna fólust þar,
 á fætur skjótast stíga,
 fleina spanna Fossverjar;
 fátt um granna kveðjur var.

Þorgríms kundar þreyta mátt,
 þar sem var í garði,
 upp þeir skunda á heyið hátt,
 halda um þundar-ljósið blátt.

Hinir þángað herða ferð,
 að hlýrum dýrum sækja,
 sólgin stanga sverðin gerð,
 sóknin lánga verður herð.

Þó að fleygi fleinum blá
 fól í gjólu þriðja,
 þóttust eigi sigur sjá,
 að sækja heyið bræður á.

Jökull ræðir Víglund við:
 “á velli allir stríðum,
 ef að hræðist ekki þið
 Óðins klæða rifrildið.

“Fullhugaður ertu ei,
 utan leitir niður,
 svo að það ei hlífi hey,
 haltu stað á þundar-mey!”

Af sèr stóð ei eggjan þá
 æru-kær Víglundur,
 hljóp með bróður heyi frá;
 herjans-glóðin loga má.

Hlynur menja í hildar-þrá
 hrífur lífið fjanda,
 lætur grenja á hlífum há
 hánginn benja rauðan þá.

Hrönnum falla Fossverjar,
 flæðir æða-spýja,
 þeim á ballar brynjurnar
 bræðra skjalla tyrfingar.

Burða-meiri bræður tveir,
 brytja átu varga;
 söng við eyru seggja geir,
 svo að leirinn kyssa þeir.

Einar stóð með hjör og hlíf,
 Hákon, Jökull líka;
 missti þjóðin þeirra líf,
 þótti blóðugt verða kíf.

Enn þá standa uppi tveir,
ærið voru sárir;
þeir sem fjanda felldu á leir;
fast á brandi hældu þeir.

Jökull innir eptir það:
“okkar rekkar hníga;
nú skal vinna allvel að,
en þótt hinna reynum það!”

Trausti og Einar eggjar blá
anni tvennar reyna;
við óseina víga-þrá
Víglund skeyna Hákon má.

Hèr eg sit og hins vil gá,
hvernig farnast glíman,
handar-þvita hlynir þá
með hugi bitra ráðast á.

Trausti móður mjög og sár
meinum Einars veldur;
beggja flóðu benja-tár,
blossinn Óðins varð svo hár.

Eggjum fláðir eyddu grið,
æðum blæðir víða;
fellu báðir velli við,
vann áfjáða sóknin bið.

Víglund frækinn völlinn á
vöð þó móður næsta:
Hákon sækir harður þá,
hljóða og skrækja vopnin blá.

Hildar-þrá er hörð og löng,
hlífar lífið verja;
blóðug á þeim sveðja söng,
sókn er kná, en vörnin þröng.

Hákon unda-ormi slær,
ötul hetja þótti;
en Víglundur vopna-fær
var um stundir talinn þær.

Blóðið sauð um sárin flá
sóknar feiknir viður:
fyrir höði hrínga þá
Hákon dauður falla má.

Sár og móður síðan stóð
sunnur runnur flóa;
um hann flóði allan blóð:
egginn hróðug fellir hljóð.

ÁTTUNDA RÍMA.

Beslu-veðurs byljum með
 berast ljóðin vorri þjóð;
 en eg kveð sem opt er skeð
 undir hróður vopna-hljóð.

Nær eg söng um sóknar-þröng,
 og sverðin dauða færðu rauð,
 óðar-föng um andar-göng
 lðunn nauðug fram mèt bauð.

Hún er blíð, en hatar stríð,
 hjálp þó geri sýna mèt;
 en við nýðings eggja-hrífð
 ekki tèt það líki sèt.

Ásta-mál, sem mýkja sál
 mest hún gerir kjósa sèt,
 hvar sem bála nílár nál
 nýtan ver í faðmi ber.

Himneskt fljóð og Freyja góð
 festu trygð og mesta dygð:
 vilja þjóða vænni þjóð
 að velta stygð úr þánka-bygð.

Samt þar ljóða- heyrast -hljóð,
 hún ei sparar trygðirnar,
 við mig góð, þó velli blóð
 um vífið hara Fjölmóðar.

Svoddan hrika sókn og stryk
 sagan há mèt bendir á,
 því ætíð svika-sigðin kvik
 særir þá, er ástum ná.

Velur sèt þann illur er
 öfund ljót að henda spjót;
 Loka er hún laundóttir,
 lævís snót með verstu hót.

Níðsleg kind í nöðru-mynd,
 af Níðhöggs art með bragðið svart,
 inn um syndir brjóstin blind,
 blóðið hjarta eitrar snart.

Hljóti bann í hverjum rann
 hún af þjóð, því mellan óð
 hrekur manninn meinlausan,
 mig að bjóða sverða-hljóð.

Hákon þá er hniginn lá,
 og hetjan móð á velli stóð,
 Jökull brá sèt beinin á,
 blossa tróð að stjörnu rjóð.

Illur dárinn ei var sár
 eða móður vals á lóð,
 heiptar-grár sem argur ár
 Óma- hróðugt veifar -glóð.

Berjast þeir nú báðir tveir,
 bestum dreng þó lá við spreng;
 þeirra heyrist hvína geir
 heldur lengi um sóknar-eng.

Enginn má á milli sjá
 mækja-þrá hvor vinni sá:
 sverðin grá við hlífar há
 hljóða þá og fljúgast á.

Víglund blædir allmörg æð,
 Óðins-glæða veldur fæð,
 bugar mæðin brjóstið skæð,
 blóð um flæðir sóknar-hæð.

Í loptið háa hetja frá
 hjörnum þá og skildi brá,
 Hildur grá þó herði stjá,
 í höndum sá þeim skipta má.

Í hægri rönd, en víga-vönd
 vinstri brá sem skjótast þá:
 aðra hönd við hlífa-grönd
 hjörinn tá af Jökli þá.

Undan gekk sá grandíð fèkk,
 gat ei eptir hetjan keppt,
 finnur rekkur fíls á bekk,
 fár sem heptir, spjótið skept.

Eptir skaut þeim æddi braut,
 á nam miða herða-svið:
 Jökull laut, því fleinninn flaut
 fram um kvið á gríðar-nið.

Allir spá, að spekist sá,
 spjóti á sem hniginn lá:
 varð að nái fýlan flá —
 feginn má eg segja já.

Vígalundur laut að grund,
 lífs-því óðum streymir-blóð,
 öngvit mundi um þá stund
 eisu flóða svæfa rjóð.

Hlaupa tveir frá hlakkar-leir
 heim sem snarast Fossverjar,
 sagnir eyrum senda þeir,
 svo sem farið málum var.

Bjó á palli bóndinn snjall,
 beðja hvar og dóttir var;
 seggir allra sögðu fall
 svo og þar með Víglundar.

Klæða-gnáin kenndi þá
 Ketilrífður hugar-stríð,
 féll í dá með feikna-þrá,
 fékk svo bíða lánga hríð.

Við nær góða vaknar fljóð,
 væta tárin mundu brár;
 vesta móðir veiga-stóð
 vekur dára-orðin sár:

“Hrygð þitt kvelur hóru-þel,
 helzt til lengi eltir dreng,
 nú er vel hann hreppti hel,
 þó hinir fengju bana-spreng.

Bóndinn ræðir baugs við hæð:
 “betur mættir hafa rætt,
 sína bræður svo eg ræð
 syrgja ætti sprundið grætt.”

“Ei mun það hin,” illa kvað;
 “annars fáum nú að gá;
 farið hraðir fljótt á stað
 sem frekast má skal hefndum ná.

“Þorgrím inni þetta sinn
 þrælinn brenni á Hóli menn,
 aldrei linni aðsóknin,
 ýta spennin hefndin tvenn.”

Hólmkell tær: “eg hvergi fer;
 hans þar kundar fëllu á grund
 saklaus er hann, sýnist mér,
 af sverða-fundum þessa stund.”

Við ei ræður veiga-hæð;
 vonzku þvera í hjarta ber,
 um bæinn æðir bólgín fæð,
 bölvar, sver og heitast fer.

Hvoptur sauð á hrekkja-skauð
 sem hroða-sjár við kletta-gjár:
 æru-dauð og augna-rauð
 igldi brár, en tætti hár.

Fætur iða og armar við,
 argast dýr þá galli spýr,
 á aðra hlið með engan frið
 augu, svíra og hvoptinn snýr.

Skalf sem eik í skógi veik,
 skapa þorði í huga morð;
 í barka kveikja bál og reyk
 bölvuð orð á fata-storð.

Lemur æðir, ælir fæð,
 óð á glæðum túngan skæð;
 sèr hver blæðir öfugt æð —
 öldin hræðist nærri stæð.

Bauga-gná eg fælist frá,
 fyrr er þá að heyra og sjá;
 í valnum á eg minnast má
 mann í dái og bróður hjá.

Víglund þar nú viðraknar,
 verður snar á fæturnur:
 finnur hari hrænaðar
 hniginn raran bróður þar.

Merkir hann, sem manndáð ann,
 að mundi fjör í sverða-bör,
 en burtu kann ei bera þann
 blóðs úr vörum hetja snör.

Seima-týr á sárin snýr
 seggur knái, og heyrir þá:
 enn er gnýr á ísum nýr —
 einn þar má hann sleða sjá.

Nú var faðir þeirra það
 þángað fer, er Trausta sèr;
 sleða að, sem bróðir það,
 borinn er svo fleina-ver.

Lofa mundu fegins-fund
 frægir beimar hjörtum tveim:
 reið Víglundur rött um grund,
 en rekkar teyma sleðan heim.

Jarðhús eitt var rekkum reitt,
rèði góðum stemmast blóð:
görpum þreyttu græðslu veitt
getur móðir lyndis-hljóð.

Nú í sárum endlángt ár
ýtar lágu báðir þá;
síðan klárir firrast fár,
fætur á svo komast ná.

Hinum snar sem Hildur skar,
Hólmkell byggir dránga-vigg:
kallar þar sem kífíð var
Kumlahryggi sveitin dygg.

Allir mundu um þá stund
eina bera meiníng hær,
að Þorgríms kundar fleins í fund
fallnir veri og huslaðir.

Hólmkell fann nú Þorgrím þann,
þeygi brjálást lund forsjál:
enginn vann um atburð þann
yggur stála hefja mál.

Gat nú þetta Þorbjörg frètt
því með hrað sinn föður það,
sakir flætta og sækja rètt
sektum að þá reyndu það.

Þórsness- hann á -þingið rann;
 Þorgríms kunda, ef lifðu á grund,
 setja vann í sekt og bann
 seima-þundur grár í lund.

Frætta-svörin fóru ör
 að flytjast þá, svo heyra má,
 að hefðu fjör og heilla-kjör
 Hóli knáir bræður á.

Hásetar hans Hákonar
 heitins gjöra að búa knör,
 yfir þara-engjarnar
 auka för að norzkri stör.

Fundu Raum og greina glaum,
 glósa um farir Hákonar;
 ferðin aum og auðnu-naum
 álma-nara virtist þar.

Ketill sá þar sonu á,
 Sigurð tæða og Gunnlaug með;
 fýsir þá að reyna rá
 um Ránar beð, því frægð er læð.

“Veit eg það,” svo Ketill kvað,
 “kunnið fljótir henda spjót;
 Þorgrím skaða þokið að,
 þrælum ljóta, er rænti snót.”

Búast þeir svo bræður tveir,
 breiða traf um Íslands-haf;
 skipið keyrir þúngur þeyr
 þusum kafid Ránar af.

Jökli nær þeim bægði blær,
 bylgjur grónar hertu tón:
 við nesja-tær sú ferja fær
 fyrna-tjón og braut í spón.

Þorgrím' reið um þvera leið,
 þegnum heim og bræðrum tveim.
 bauð með greiða, er brutu skeið;
 bætir þeim svo rauna-eim.

Bræður glaðir þáðu það,
 þar á Hóli vist og stól;
 settust naða-álfar að,
 Irpu-gjólan þeygi kól.

Vafin há var Helga þá,
 hýrust fljóða Þorgríms jóð:
 Sigurð' brá að bauga-gná
 brúna-glóðum fjarri móð.

Eitt sinn tær við hlýrann hær
 hann og þannig málin spann:
 "hvort lízt þær að hefnum vær
 húsbóndann, og myrðum þann?"

Gunnlaugs svörin greiðast snör:

“gjöldum vèr ei illu hèr!
gaf oss fjör, og færði af knör
fleina-ver sá heillir ber.

“Eg hef sannan þánka þann,
þessu laðast muntu að,
að verja þann hinn mæta mann,
en minnst að skaða í neinum stað.”

Aldrei þeir sjá þegnar tveir
þorgríms kunda um vetrar-stund;
vinda-þeyr að vori deyr,
virðar sunða- búa -hund.

Fregn um svanna og Sigurð þann
sveitir drýgja hljóði í:
að muni hann, því Helgu ann,
hvergi týjast ásta-frí.

Svo er þrátt ef í þá átt
augað ber, sem stúlkur sèr:
margir kátt það lesa lágt,
sem limskir eru og nærgætnir.

Ef eg má ei meyju sjá,
mild sem er, ei veit eg hèr,
hvað eg þá af augum á
í að gera hausi mér.

NÍUNDA RÍMA.

Hani gali Hliðskjálf's ranna
hvellum orðum,
eyrum svali Íslands granna
enn sem forðum.

Vinir styrkja og vekja mig
til vísna fátuga,
því skal yrkja æfi-stiga
endilánga.

Lífs á degi í værum-vindi
vífa hlenna
vil eg feginn yrkja um yndi
og ástir kvenna.

Við það spretta liljur lífs
í ljósum muna,
brjósti létta byrðir kífs
og baráttuna.

Kærleiks-anda lífsga lyndi
lífs um vega,
þó að blandist ástar-yndi
opt með trega.

Þúngt er að skilja vini við,
 sem virðing styður,
 sem menn vilja festa frið
 og faðmlög viður.

En ef fundum aptur valda,
 amar dvína,
 kærleiks-undur ótalfalda
 unun sýna.

Þá er skaðinn bættur bezt
 fyrir beim og vífi,
 þá er glæða hjartað hresst
 af hita og lífi.

Geymum trygð, þó reynum raun,
 og ræfi fundir,
 sú fær dygðin loksins laun,
 þó líði stundir.

Þángað að nú efni viku
 okkar bögum,
 Þorgríms faðir þá Eirskur
 þraut að dögum.

Hnigins kundur Helgi snar
 með hætti spaka
 lætur skunda lóna-mar
 að landi klaka.

Gjörði bú í Gautavík
 þar grynntist bára;
 hetja sú ver harla rík,
 en hnigin ára.

Fjölnis- blakta -fuglinn minn
 skal fjöðrum víða:
 hann má vakta Víglund sinn,
 þann vininn fríða.

Heilir mundu hlýrar þá
 af hildar-kláða,
 komu fundinn föðurs á
 og fréttu ráða

Aptur vandar svinnur svör,
 því sektir valda:
 “burt af landi lengið för
 um löðrið kalda.

“Nú lízt mér, að næmir snillda
 njótar linna
 Sigurð hér og Gunnlaug gilda
 gjörið finna.

“Biðjið þið með blíðu-skrafi
 bræður harða,
 að flytja yður yfir hafíð
 Ísa-jarðar.”

Klæða-grundin Ketilríður,
 kafin trega,
 um þær stundir ángur líður,
 all vega.

Lángar nætur vífið vakir,
 vafin banni,
 sat eg grætur svanninn spaki
 í sauma-ranni.

Um þú nótt, er bræður búast
 burt frá Hóli,
 báðir fljótt að Fossi snúa
 faxa-stóli.

Fundu bragnar foldu rjóða
 Freyju trega:
 hlýrum fagnar hadda-tróða
 hjartanlega.

Svörin stillir seims við viði
 svanninn hæfi:
 "funda milli finnst mèt liðin
 fyrna æfi.

"Samt eg kætist loks að líta
 á lífi báða,
 margar nætur mátti sýta
 mærin þjáða."

Sezt hjá sprundi svo Víglundur,
sæll af kjörum,
segja mundi sörva-grundu
af sínum förum.

Sagðist una svanninn því,
og síðan tjáði:
“aldrei mun eg ama-frí
að ásta-ráði.

“Þó mér mæti hrygð og hel,
hví hlýt eg leyna:
að þér gæti gengið vel
er gleðin eina.”

Hetjan segir: “hrundin tvinna!
helzt sem þrái,
gipzt þú eigi, unz þig finna
aptur nái.”

“Faðir ræður,” fljóðið tær,
“um forlög svanna,
annars næði eg engan ver
að ástum spanna.

“Giptist mey á hauðri hær
með hugar-pínum,
hægra eigi þá, enn þær,
skal þánka mínum.”

Hár sitt skera brúði það
 sá blfðu falar,
 svo nam gera sætan það,
 en seggur talar:

“Það heitstrengi, þar til nár
 ert þú, mín kæra!
 mitt skal engin önnur hár
 um æfi særa.”

Út svo gánga ásta-hýr
 úr inni prúða;
 minntist hánga-hrínga-týr
 við hnossið brúða.

Fölna brár, af þrautum þraungum
 þróast fárin,
 bæði sár og sæt á vaungum
 suðu tárin.

Þúngan stundu brjóstin bæði,
 bezt sem undu,
 að slitna sundur magnar mæði
 mjúkri lundu.

Skilja í túni hlutu hljótt,
 en harmi meður;
 gengur hún til húsa fljótt,
 en hann svo kveður:

“Munnfrið snótin mæriðir læri
 minar tíðum,
 harma-bót þær brúði færi
 böls i hriðum!

“Leiti hinna augu að,
 sem ástir kjösa,
 heldur minnist hans, sem kvað
 þá hadda rósa.”

Garði skunda garpar frá
 meði geði spöku,
 en Víglundur aptur þá
 nam yrkja stöku:

“Tvö við stóðum túni i
 með tára-úða,
 vafði fljóðið höndum hlý
 hin háraprúða.

“Vilja ei mundi muni leynd,
 mein þó þíni;
 strauk þá sprundið hvarmynn hreina
 heiðu líní.”

Hólmkell orðið hefur var,
 hvar hlýrar vóru,
 gekk að borða-bryggju snar,
 þá bragnar fóru.

Svanninn netti sat með gáti,
 sollinn trega;
 Hólmkell frètti, hví svo láti
 hörmulega.

Svanninn fríði sefar grát
 og svarið gefur:
 “brjóstið tíðum bræðra-látið
 bugað hefur.”

“Viltu hraða hefnda-færi?”
 hann nam greina;
 kvað hún: “það, ef karl eg væri,
 kynnum reyna.”

Seggur gegna sætu fer:
 “það satt er skrafið,
 þinna vegna hef eg hær
 að hefndum tafið.

“Drepa skyldi viði veiga
 á vagni marar,
 þú ef vildir frændur feiga.”
 Fljóðið svarar:

“Þá eg síður vegna vildi
 vargs á beði:
 sekt og kvíða ei sæta skyldu,
 ef svanninn ræði.

“Væri rík af röðli láar
reima-gefni,
skyldi eg líka fegin fá þeim
farar-efni.”

Hólmkell tekur hest og reið
þar hlýrar fara;
Trausti þrekinn þekkti á leið,
og þá nam svara:

“Sèr eg ráð, en samt ei góð,
þú svanna næðir:
bóndann fjáða fella á lóð
þar, fleina-glæðir!

Svarar baldur sverða frægi
sínum hlýra:
“þótt eg aldrei optar sæi
ekru víra,

“Hólmkel meiða mundi sízt
vor mækir beitti;
margan greiða man eg víst,
sem mèt hann veitti.

“Hrannar-bjarma hrundin mjó,
sem heiptar geldur,
nóga harma hefur, þó
sè hann ei felldur.

“Látum skríða skjótt úr vegi
 skeifna-hauka,
 svo að fríður sjá þann megi
 sæmdar-auka.”

Hólmkell frammar hlýrum reið
 með hætti spaka,
 veginn sama síðan skeiðar
 sá til baka.

Lengja bræður leiðir þá
 með lyndi hvötu,
 fésjóð bæði og fíngra-snjá
 þeir finna á götu.

Kefli rúna fundið fá
 hjá fenu góðu;
 lesa rúna-orð, sem á
 þeim aski stóðu:

“Ketilfríður hýr af hendi,
 hlaðinn vanda,
 Víglund fríða vitanu sendir
 viðja landa.”

Tók Víglundur trölla-eið,
 sem tróðan biður,
 síðan skunda sína leið
 til sjávar niður.

Gunnlaug finna og Sigurð senn
hjá svölu vaka,
biðja svinna sæmdar-menn
við sèr að taka.

Hlynir vigurs heimtu firða
heitið snjalla:
Torráð sig og Vandráð virðar
vænir kalla.

Vill Gunnlaugur vita fá,
hvað við þeim liggi;
svörin þaug þeir samið fá,
að sóknir styggi.

Lífið beggja liggur við,
þeir líka sanna,
nema seggur ljái lið
um löngu-ranna.

Formann heitin hafði fól
við hlífa-grana,
aldrei neita fars á fjöl,
þeim flúði bana.

Seggir gánga svo á skeið,
en sefast vandi;
hestur ránga gánginn greiðir
geyst frá landi.

Víglund skaðar harma-hugur
 hlíðar kransa:
 mælt er það, að má nauðugur
 margur dansa.

Svo má kalla, sínum ráða
 sumir förum
 mega varla, en velkjast dáða-
 veikum kjörum.

Það er hart að hvata sèr
 í haf frá löndum,
 þar sem hjartað eptir er
 í ástar-böndum.

Mannleg gata í myrkri er,
 því margir falla;
 þá, sem rata að heillum hèr,
 má heppna kalla.

TIUNDA RÍMA.

Strengja-lög vèr lengjum mjög,
 leti-slögum burt þá feyki,
 svo að brögum sveitin hög
 sèr á dögum vorum leiki.

Margur þjóðum myndar ljóð,
 og málin fróð til kvæða velur;
 skáldum góðum lands á lóð
 linda-tróðan ástir selur.

Þeir sem vanda vísna-bland,
 og víðfljúgandi þreyta muna,
 kveikja anda og líf um land,
 lemstra fjandans vitleysuna.

Vindum fálu verma sál,
 vita ála grundir kæta,
 víða brjálað móðurmál
 með forsjálum orðum bæta.

Sönginn þann, er frama fann
 fyrir manna hjörtum brýna,
 hinna glanna, er heimskan fann,
 hortittanna fjölda tína.

Slíkum ber að veitum vèr
 virðing hèr um lánga daga;
 þeirra ber á brjóstum sèr
 bragar-vera nöfnin Saga.

Ei má neita, að eg veit
 enn í sveitum hina búa,
 sem lasti þeyta lands um reit
 og lyga-citurs-dreggjum spúa.

Kveða tíðast klám og níf,
 kæfa prýði, og meiða aðra,
 einatt skrífur ekki fríð
 úr orðahýði lasta-naðra.

Bið eg smái þjóðin þá,
 þeirra gái lítið svara,
 snúi ávallt eyrum frá
 yrkjum þráu leirhnoðara.

Skipið flaut og ferða naut,
 flenntust skaut á hafla-búðum;
 stormur þaut, en láin laut
 lima-blaut að öllum súðum.

Vindum sá er valda á,
 vængi gráa arnar þeytir,
 settist þá á hnúkinn há,
 helzt er snjáa landið skreytir.

Um þá stund af Ísa-grund
 æsast mundu fyrna-veðar:
 súða-hundur hrannar-sund
 Hræsvelgs undan blástri veður.

Bylgjan háa aptan á
 affi þráu hrundið lætur,

þegnar fráir Norveg ná,
núna láar þagna dætur.

Við freyrinn naða, er farsins það
formann glaður kom að stefi:

“segðu, maður! satt um það,
seggi hvaða flutt eg hefi.”

Svo Víglundur, sæmdur mund,
svörin þundi klæða gefur:

“Þorgríms kunda þú að grund
þessa stundu flutta hefur.”

Gunnlaug brá í brúnir þá,
bróður á nam Sigurð kalla:

“vanda má á málum sjá —”
meiðma-þráinn ræði spjalla.

“Okkar faðir þegar það
þrálundaður nær að frætta,
bræður skadar beittum nað.”
Býtir kvað svo linna-stætta.

“Þín eg ráðin þarf og dáð,
þundur fjáði sólar hylja!”

Sigurð' tjáði: “seint er gáð,
svoddan áður máttir skilja —

“Nú er á það eitt að sjá,
 ef vèr dáum trygðum hrósum,
 okkar má ei faðir fá
 frekar á þeim vald, enn kjósum.

“Þorgrím ber að þökkum vèr
 þannig, hver svo megi sanna,
 velgjörðir, að verjum hær
 væna græri handar-fanna.”

Ráðin meta hinn þau hæt,
 höldar feta að bænum vegi:
 vitur hetja vargs um flet
 var þá Ketill heima eigi.

Í húsin gá og hæztu á
 hlýrar þá sèr bekkir snara,
 Þorgríms knáir kundar hjá,
 krúsar-lá nú engir spara.

Ketill vann að koma í rann,
 kenndi hann þar sonu netta,
 heilsun granna fáttra fann,
 furðar manninn gamla þetta.

Tvo hann leit, sem hældu á hneit,
 hlýrum teitum nærri sitja;
 þeirra veit ei hót um heit,
 hrímu-leitur mál nam flytja:

“Hverir eru að húsum hér,
hollra kera súpa löður?

þykir mér að seinki sér
synirnir að heilsa föður.”

Gunnlaugar svo greiðist svar:

“gæt þú, snari fæðir ylgja!
synir fara þorgríms þar,
þeim oss bar til húsa fylgja.”

Katli þá í kinnum brá,
kallar sá á þegna grúa:

“höndlið þá sem hvatast má,
henging á þeim skálkum búa.

“Væri hér sá vörstur er
vopna-grèr í Hildar spjörum,
skyldi hver, sem vildum vèr,
vefjast ber í gálga-snörum.”

Heyrist svarið Sigurðar:

“sveitin rara hljóð oss gefi,
munur þar hinn mesti var
manna hvar sem farið hefi.

“Grímur fjáði, er geymir dáð,
grönd nær þjáðu sjáar hlýra,
gaf oss báðum líf og láð,
líka þáðum hýsing dýra.

“Mikið er, sem milli ber,
 manndáðir ef skyldi reyna,
 ef nú þér hans arfa hère
 eggjum berum vilð skeyna.

“Okkur þá skal egginn blá
 alla slá að velli niður;
 skeynur hjá oss skuluð fá,
 skömm og þrá svo fylgi yður.”

Ketill tær: “það ófært er,
 ef að vèr svo skulum stríða;
 mikið hère um mælið þér,
 mjög þó geri skapið svíða.”

Hinn við granna greina kann:
 “Gunnlaug fann eg hygginn vera,
 réttðæman svo þekkjum þann,
 úr þessu hann skal máli skera.”

“Svo mun vera verða hère —”
 vann svo grèrinn svara branda;
 “betur fer, enn berjumst vèr,
 hann bætur geri oss til handa.”

Gunnlaugs þá svo greiðist skrá:
 “Grímur frá, er slægða kenndi,
 tældi láar-ljóma-gná,
 lízt mèr sá því hafi kvendi.

“Faðir var, sem bölið bar,
 bætur þar skal finna saka:
 arfinn snar má Ólafar
 eptir hara þórir taka.

“Vingan há svo haldast má,
 hær að gá svo kunnum mörgu:
 Trausti þá með friði fá
 föður hjá skal Íngibjörgu.

“Líka sannan sóma þann
 Sigurð ann eg, bróður spaka:
 systir granna, Helga, hann
 hýr að manni þá skal taka.”

Lauk svo tali, en hrósa hal
 hlynir vala jarðar sanda;
 Ketill skal með sæmd í sal
 sátta-skjalið láta standa.

Þorgríms kunda þæg var lund,
 þarna undu njólu bjarnar:
 hrepptu mund og hornasund
 hraustir þundar stjörnu tjarnar.

Veizla nærir virða skær
 vindar hæru kæti fanga:
 Trausti fær að faðma mær,
 festar þær til lykta ganga.

Þegar snjór af fróni fór
 og færar voru mönnum leiðar,
 allir fjórir flóa-jór
 fleina- stórir búa -meiðar.

Hernað þá um höfin blá
 hetjur knáar lengi þreyta,
 sigur fá og fenu ná,
 sfrugt þráins ljósum beita.

Einatt, hvar som vegið var,
 Víglundar má hreysti sanna:
 einn hann bar af öllum þar,
 einkar-snar við Högna svanna.

Týri glóa færði fró
 fákum sjóar á að ríða;
 einatt þó í brjósti bjó
 björkin snjóa handar fríða.

Sumur þrjú um sela-brú
 sverðinn nú þeir láta hvína:
 hvergi lúin Hèðins frú
 helzt var búin fylgd að sýna.

Látum þá við laufa-stjá
 lengi náinn manna brytja —
 þessu frá eg fara má,
 um fríðast snjáa-landið vitja.

Hólmkell reið að Hóli leið
 honum sveið í skapi mæða;
 dyggur beið þar dægur-skeið:
 dörva-meidar hljótt þá ræða.

Þeirra ráðin þó í bráð
 þjóðin gáð ei fær að heyra;
 Hólmkell sjáði hart um láð
 heim svo náði jóinn keyra.

Hóli frá menn sveima sjá
 seggi þrjá um Grana kvendi;
 enginn má það fregnað fá,
 firða þá hvert bóndi sendi.

Svo til ber að Fossi fer
 fjöldi vera mikill ríða:
 þessir eru þrjátýger,
 þíngin bera og skartið fríða

Hólmkell manna foríngja fann,
 frètti þann um nafnið trúa;
 Þórð sig vann að heita hann,
 á hauðri fanna austur búa.

“Mitt,” hann tær, “það erindi er,
 oss þú gerir vingan sýna
 og giptir mæ, þá blóma ber,
 bauga-verinn, dóttur þína.”

Bóndi þá nam bónorð tjá
 bauga-gná, og þar til lagði;
 ekkert já, en af og frá,
 um það smáa píkan sagði.

Líka kvað sèr Þorbjörg það
 þessi maður eignist kvendi:
 “búum hraðast brúði á stað!”
 Bóndinn að þeim ráðum vendi,

Handar frera foldin þver
 föstnuð er svo tjáðum gesti;
 nauðug fer að heiman hær,
 harm sinn ber í vega-nesti.

Holt og svörð með hrínga-njörð
 hún í fjörðu austur strýkur;
 mærin kjörð og kempa hörð
 keyra um jörð til Gautavíkur.

Tók við ráðum tvinna-láð,
 trega þjáð um brjostið góða;
 bóndinn fjáður flesta dáð
 fljóði náði og hagsæld bjóða.

Ekki má þó yndi fá
 eima láar bezta dýna;
 hinn er frá, sem hjartað á
 huggun þráir festa sína.

Æ hver skaði! í þeim stað
ekra vaðal-ljóss má þreyja.

Gæt þú að, og aumka það,
altignaða dísin Freyja!

ELLEFTA RÍMA.

Tvo mër hrafna Hroptur gaf,
hjá oss jafnan kvaka;
þar eg safna efnum af,
opt því dafnar staka.

Annar heitir Hugi sá,
háttu-breytinn löngum,
vísu leitar vængjum á
að vísna- neytum -föngum.

Títt þó hvikull týnist mër
með tossa-stryk í hausi,
þrávallt svikull, því er ver,
þó hann mikið rausi.

Þegar hær hann höndla vil,
harma mër það glæðir,
floginn er hann fjandans til
um foldir, ver og hæðir.

Hitt og þetta heim samt ber
 Hugi af létu stjái,
 ýmsar frèttir færir mèr,
 fátt þó rétt hann sjái.

Muni heitir hinn, sem þrátt
 heima veit að eira;
 þessi skeytir ferðum fátt,
 þó frèttir leiti að heyra.

Hinn ef nýja hluti fann,
 er helzt um bý vill sveima,
 safnar því í hreiðri hann,
 og hægðum í vill geyma.

Vænt oss mundi þykja um þann,
 þæga lund sem brýnir;
 en ein er hundraðs-ólukkan,
 að hann stundum týnir.

Þó að hjúin þessi tvenn
 þeyti trúnað sönnum,
 við þau búa verð eg enn,
 vísna- lúinn -önnum.

Sumar-stundu sömu þá
 sjós með tundur-þórum
 hann Víglundur hernað frá
 heldur sunda-jórum.

Ketill vottar vina-par,
 vínið gott nam reiða:
 eitt sinn hrotta-harbarðar
 höfuð-þvottar beiða.

Þvotta mundu þegnar fá
 þar að sprundum spöku,
 en Víglundur úngur þá
 eina grundar stöku:

*“Laugað gat hin ljósa mey
 linna- skata -hliða,
 þvott af fata-þriðum ei
 þáði hvatur síðan.*

*“Þvi skal engin hrunda hær
 harma-feng þó olli,
 meðan lengjum lifið vèr,
 lauga dreng á kalli.”*

Þundar-skyrtu-þóririnn sá
 þvotta firrist setur;
 svo í virktum seggir þá
 sitja kyrrt þann vetur.

Vindsvals senn þá sonur leið,
 og sumars kennir frjóa,
 bræður tvennir búa skeið,
 að bólmey renna snjóa.

Búnir snilldum halda á höf,
 hrannir trylldar stýra;
 sundur skildu kólgu-köf
 kneri gildra hlýra.

Ketils slýngir kundar því
 keilu-býnginn skríða;
 náðu hingað Hvítá í,
 að hólnum Íngjalds ríða.

Grími segja sagna faus
 af sáttum freyja ýra,
 svo að eigin arfar hans
 til Íslands fleyi stýra.

Þetta gleður vopna-ver,
 víkja ræðu harmar;
 vistar meður sjálfum sèr
 síðan tæða barma.

Þeir Víglundur reyna rá,
 Rán þó stundum freyði,
 Snæfells undir hnúkinn há
 hentugt fundu leiði.

Rann um bláa brimla-fljót
 borða- knái -hundur;
 kendist háa Kjalars-snót,
 kveður þá Víglundur:

*“Fjall eg kenni eitt sem und
afbragð kvenna situr,
mig til hennar hjr um stund
hugur ennþá flytur.*

*“Bjarga- kennum -brekku vèr
bænum hennar nærri;
brüði kvenna engin er
álma-spennir kærri.”*

Svo án skaða sönginn þann
sveitin hraða nemur
eptir gláðan afreksmann;
en þá kvað hann fremur:

*“Lesta ángur ljósin frið,
og lauka spráng um tanga;
hylja drángar sólu síð,
svo mig lángr þángað.*

*“Eg af fljóði fjöllum ann,
fæ þó hljóður bíða;
vísíð hróður vænsta fann,
vasín rjóðri hliða.”*

Nú kom vindur nesjum frá
nöldra lindar-dætur,
og í skyndi undan þá
öfugt hrindast lætur.

Hræsvelgs knáa æði af
 ýtar þágu grandíð;
 svaninn láar sveif í haf
 og suður þá um landið.

Nauðug veina nílár-hjú
 nauðug leynist strindin:
 hjarta af steini hefur þú,
 Hræsvelgs beinagrindin!

Nema færir falda-gná
 fleina-stærir trúá,
 þèr skal æru allri frá
 eg með særing snúa!

Veðrin hörðu vestan frá
 varginn börðu reiða,
 þoka gjörði austur á
 einatt njördum skeiða.

Aldrei þegja unnar-jóð,
 ála teygist bekkur:
 nauðugt fleyið báru-blóð
 báðumegin drekkur.

Eina stund í æstum vind,
 ála- þundur -glóða,
 stóð Víglundur Hlès á hind;
 hann þá mundi ljóða:

“*Bað ei kvíða karlmanns lund
Ketilríður friða,
bylgjan stríð þó borða-hund
beli að síðum víða.*”

“*Hennar minnist orða enn,
aflið svinna stríði!
enn þá kynnu kátir menn
Ketil- finna -ríði.*”

Hrakti granna lengi lá,
leiði fann ei þægra:
hálf t um annað hundrað þá
höldar sanna dægra.

Vinda tauta hljóðin há,
hrönnin blauta rýkur,
unz með þrautum ýtar ná
inn til Gautavíkur.

Víglund' tjáði hlýra hær:
“höldar ráðum beiti,
lifrar fjáðir leyni sær,
ljúgum báðir heiti!

“Hær, þar stafna- binda -björn
bjóðar hafnar frera,
þú skalt Hrafn, en eg skal Örn
æ að nafni vera.”

Gautavíkur-bóndinn brá
 að báru-díkja hundi;
 hölda ríka hittir sá —
 hinum líka mundi.

Fylgdi blíða falda-ná
 frægum skíða-lundi;
 Ketilríður þekkja þá
 þegninn fríða mundi.

Merkja lætur þeigi það,
 þánka-kætin flúði;
 Víglund' gætir einnig að
 orma-sætis-þrúði.

Þóttist brúði þekkja hær,
 þægðin þrúð er styður:
 þó ei trúði sjálfum sér
 sunnu úðar viður.

Innra svíður úngum beim,
 ángrar tíðum skaðann;
 hlýrum býður bóndi heim,
 burt svo ríður þaðan.

Hvata skjótast Hlès frá bekk
 hjálma-njótar fínir;
 bóndinn mót brögnum gekk,
 blíðu-hótin sýnir.

Bóndi í túni biltu fann,
 bugar lúnan elli;
 lítur hún það, húsfreyjan,
 hann þar núna felli.

Hjalar svanni í hljóði lágt:
 — hinar sanna mega —
 “gleði bannar góða þrátt
 gamlan mann að eiga.”

Voga-leipturs viður snjall
 vann ósneyptur segja;
 “Þó mér steypti þetta fall,
 þar var sleipt, húsfreyja!”

Inn svo leiðast ýtar tveir,
 allan heiður finna,
 beztan greiða þiggja þeir,
 þeim sem reiðir kvinna.

Vín ólakast vökvar þá
 vogs af hraki lúna;
 verður staka vörum frá
 vífi spaka núna:

*“Viglund held eg væna þig
 á vonar-kveldi rýra;
 fyrir því veldur, sinna mig
 funa- keldu -týrar.*

*“Gipt er seima- nauðug -ná
neista geymir linna:
eldri þeim eg engan má
í öllum heimi finna.”*

Missti kæti þegninn þá,
þekkti mæta brúði:
varla gætir verka sá
værð um nætur flúði.

Gremja brauzt um hyggju-hlað,
hlífðarlaust því stynur;
þá við Trausta þannig kvað
þussa-raustar hlynur:

*“Falda-gerði eg festa sá
fölvum nèrði rita:
þeim skal herðum hausinn frá
hvassa sverðið bita.”*

Harmar lara hugar-svið
hjálma-nara góðum;
Trausti svarar veiga-við
vitur þar í ljóðum:

*“Þinn mun standa vegur ver,
viður branda skýri!
þú ef granda góðum fer
grettis landa týri.*

“*Áhlaup duga ekki hær
 elda buga-skiða,
 rétt í huga reynum vær
 ráð öflug að smíða.*”

Nálgast mundi Njörfa-snót
 neista-þunda lóna:
 þá Víglundur fer á fót
 að fleti skundar hjóna.

Hafnar-glóða hlynur sær,
 hvílir fljóðið nakið:
 þili bjóða faðminn fer,
 en fleina-rjóði bakið.

Stokki bælist bóndinn á,
 sem brúði fælast næði:
 — hær má kælu hjóna sjá,
 er hafna sælu bæði —

Bæsíng vildi bregða þá
 bragníng' fylldur mætti;
 Trausti gildur gólfíð á
 gekk með snilldarhætti.

“Varast fjanda-verkin þú,”
 verinn branda ræðir,
 “að sofandi ekki nú
 öldúng grandí klæðir.

“Hetjan snjalla hjúpi nað,
 hèðan lalli vega;
 þó brjóstið hallist brúði að,
 ber þig karlmannlega.”

Rèna mundi reiðin há,
 í rúmið skunda barma:
 en Víglundur þeigi þá
 þáði blund á hvarma.

Mjög fálátur morgni á
 mundi plátu-viður;
 bóndi kátur þótti þá,
 þras og hlátur styður.

“Hvað ógleður bauga-bör?”
 bóndinn rèði frètta.
 Hyrjar-veður hvatti svör,
 hetjan kveður þetta:

*“Mundar-fjalla mornin ljós
 mig svo allan spennir,
 huga varla af hjýrri drós
 hère að kalla renni.”*

“Er það þannig,” hjalar hinn —
 “hrittu svanna úr geði!
 ráð eg annað okkur finn,
 eflum sanna gleði.”

Von og biðin örðug er
 einatt við að búa,
 en opt hún frið á eptir lèr,
 ef í lið vill snúa.

TÓLFTA RÍMA.

Örgemlis skal inna rok,
 alla krapta herða,
 svo eg geti ljóða-lok
 látið þetta verða.

Löng er orðin ljóða-bið,
 leiðist runni geira;
 jeg hef átt að erja við
 annað stundum fleira.

Einatt lamast andar-flug,
 ýmsum slegið mæðum;
 eg hef mátt af hálfum hug
 hnoða saman kvæðum.

Kemur sá í mælsku-mát
 mest þá vill sèr flýta,
 ef hvorki á sèr Austra-bát
 nè Eddu til að slíta.

En af því menn úr áttum lands
 Austra dæma báta,
 má eg þenna fjala-fans
 fúna niður láta.

Fyrr enn dettur úr mèt önd
 og út í fýkur vindinn,
 vildi eg í vinar-hönd
 vísna- kæmist -myndin.

Ef að, stúlkur! eitthvað hèt
 yður mætti kæta,
 það er ekki að þakka mèt —
 þess er nú að gæta.

Svo hefur ljóða leti-morð
 lamað vængi báða,
 frá mèt heyrðist aldrei orð,
 ef eg mætti ráða.

Orsökinn það vísna var,
 vinur mennta og ljóða
 vildi láta Víglundar
 vísur stúlkum bjóða.

Einföld þessi yrki mín
 ætti þorri sprakka
 honum Páli Hjaltalín
 hjartanlega að þakka.

Jeg má sjá þar svángur til,
 svíða mun þó skaðinn,
 þó hann fái yðar yl
 einhvern tíma í staðinn.

Falli yður ekki vel
 allt sem jeg get hagað;
 upp á það eg einnig tel,
 að hann getur lagað.

Hjaltalín! sem heiður ber
 helzt af gáfum spökum,
 loksins eg í lófa þær
 lauma mínum stökum.

Bóndinn tær með blíða önd
 baldri mundar-steina:
 "Tökum okkur tafl í hönd,
 týnum efni meina."

Síðan reyna seggir það,
 sæmdir Freyju-gráti;
 taflí gáði illa að
 Örn, svo lá við máti.

Húsfreyja kom í því að,
 Örn þar stóð í vanda,
 af þessum reiti þoka það
 þundinn orma-landa.

Bóndi kvað: "*A móti mér
menþöll stefnir huga;
ekkert má við elli hér
algjörlega duga.*"

Húsfreyja gat hluta rétt
hans, er unni meira;
skildu svo að skiptum slétt
skýrir þórar geira.

Sjaldan Örn við seima-grund
svörum náði skipta:
úti hitti eina stund
eygló silki-nipta.

Lítið áttu leyndar-tal,
lifnar hyrjar-veður:
bónda fann í sínum sal
síðan Örn og kveður:

"*Halda máttu, vinur, vörð
vel á konu þinni;
ekki láttu linda-jörð
leika á götu minni.*"

*Opt ef finna úti má
eina sörva-þrúði,
gleyma kynni eg hver á
okkar fagra brúði.*"

Bóndinn kvað, og brosti þá:

“Beggja hluta milli
konan verður sjálf að sjá;
svo fer allt með snilli.”

Trausti opt það treindi skraf,

týrinn sörva fríði:
heldur skýldi hyggja af
henni Ketilríði,

Aðra mætti fríða fá

freyju handar-steina —
hinn kvaðst ekki heimsku þá
hugsa til að reyna.

“*Svo er eg,*” hann sagði þá,

“*súta hlaðinn stríði,*
engri konu unna má
utan Ketilríði.”

Einhvern tíma Örn var nær,

ama þótt að finni:
bóndi hêlt í knjánum kær
Ketilríði sinni.

Þegar hana lausa lét

lófa- bítir -fanna,
sæti tók og sáran grêt
silkiklæða-nanna.

Örn sèr þar að bekknum brá,
 er bólmey situr klæða;
 niður settist henni hjá,
 í hljóði saman ræða.

Ýfast mundu ásta-sár
 enn í hyggju-slóðum:
 ljósa grundar Hafla hár
 hreytti þannig ljóðum:

*“Slíkt eg vildi sjaldan sjá,
 silki-nípt í ranni,
 að þig skyldi faðmað fá
 súin grind af manni.*

*Vildi heldur hyggjan mín
 höndum að þèr styðja,
 lýsi- elda úðar -hlin!
 um þig spenna miðja.”*

“Það sem geðið þráir ríkt,
 þeygi sumir ráða,
 ekki er sèð, að auðnist slíkt —”
 ekran mælti þráða.

Stýrimanni stefndi á tal
 stoltur bóndi síðar;
 mælti hann: “Eg hèðan skal
 heilan mánuð ríða.

Er því nú í efnum hitt,
 allar kanntu snilldir,
að þú bú á meðan mitt
 maður, annast vildir.”

Vigra-spennir verknað þann
 vildi stunda síður.
Bóndi senn við sjötta mann
 svo að heiman ríður.

Trausti sæður segja fer
 svo við bróðir ríka:
“Bóndinn meðan burtu er,
 af bænnm farðu líka.

Svo mun annars sveitin tjá,
 sem eg ekki vildi,
að þú svanna hafir hjá
 hótin betri enn skyldi.”

Víglund sýnist þetta þá,
 þeir svo ferðast hëðan:
mönnum sínum braustir hjá
 hëldust við á meðan.

Rausnar-karlinn reisu frá
 í rëttan tíma kemur;
var, svo alla undra má,
 aukið mönnum fremur.

Þar var prúði Þorgrímur,
 þá og Hólmkell líka,
 sást í búðum Sigurður
 svo með Gunnlaug ríka.

Þorgríms dóttir Helga hýr
 hópnum fylgdi granna;
 þeirra drótt, sem þángað snýr,
 þrjátíu voru manna.

Víglund' fagna vinum má,
 von er átti síður;
 síðan bragna bekkinn á
 bóndinn setti fríður.

Mjaðar-flóðið mundi þá
 manna brjóstum svala;
 bóndinn stóð nú borðnm frá,
 byrjar svo að tala:

“Svo er háttað, að þú, Örn,
 allan liðinn vetur
 hefur átt við hnísu-tjörn
 hjá oss þitt aðsetur.

Leyndir heiti hróðugur,
 hér þá tókstu lendur,
 samt eg veit, að Víglundur
 væni þú ert kenndur.

Þekkti eg báða bræður hær,
 bezt sem raun á gefur —
ástar-ráð í þánka þær
 þrautum ollað hefur.

Ástir frekt þú elur við
 únga Ketilríði,
samt þín spekt og siðferðið
 sýndi mesta þryði.

Nú mun breyta nafni hær
 neista runnur úða:
vit, eg heiti Helgi og er
 hlýri Þorgríms þrúða!

Brúar seima eg beiddi, því
 burtu varstu hëðan:
hana geyma heiðri í
 hugði þær á meðan.

Sízt af mæ er sætu spillt,”
 — sama bæði játa —
“hefur verið hæg og stillt
 hún um þenna máta.

Eyjan banda okkar var
 allra dulin ráða;
í þeim vanda vel sig bar
 vænsta gefni þráða.

þótt að bæði í rúmi ró
 raunar fengi þegið,
 einum klæðum undir þó
 aldrei höfum legið.

Millum okkar, einatt þá
 áttum hrinda mæði,
 lét eg stökk, sem líta má,
 leyndan þó með klæði.

Skáða varla mundi mey
 meta sér í gæði,
 þótti hún karla kenndi ei
 og kúrði ein á beði.

Þessi ráðin sömd um sinn,
 svo sem nú eg skrafa,
 Hólmkell fjáði og faðir þinn
 fléttað saman hasa.”

En Víglundur um það bil,
 allt nær svoddan frètti,
 Hólmkels skundar hraustur til,
 höfuðið fram þá rètti.

Bóndinn hressti frægum fer
 fleina-njóti svara:
 “Held eg bezt á hálsi þer
 höfuð þetta fara.

Skulum sáttir vera við
 víst, en hafna stríði,
 einnig máttu, ef óskið þið,
 eignast Ketilríði."

Giptist fríðu fljóði þá
 fegnastur um daga;
 brúðkaup lýðir búið fá,
 bezt sem mátti haga.

Sigurð spaka Helga hýr
 hær með fær að eiga:
 borðin makar bjórin hlyr,
 bragnar drjúgum teiga.

Ef að föngum hæli hær
 horskir menn sem flíka,
 kemur löngun máske að mær
 mjöð að smakka líka.

Veizlan líður, vínið þraut,
 vegsemd fær hún mesta;
 sérhver ríður svo á braut
 sæmilegra gesta.

Vífið trúa Víglund hjá
 veit eg unað hefur;
 þau svo bú að Fossi fá,
 flest þeim lukkan gefur.

Trausti hóli Íngjalds á
út við Ránar haga
bjó með sólar síkja ná
sína alla daga.

Báðir kundar Ketils þá
klárnum fleyttu ránga,
Noregs-grundu eirðu á
æfidaga lánga.

Ekki þótti um álfur lands
orma- týrum -stranda
Víglundi og vífi hans
vænni nokkur standa.

Þetta eitt á sögu sèst,
sem að hugann vekur:
sá sem þreytti sóknir mest,
sigurinn stærsta tekur.

UM VÍGLUNDARSÖGU OG VÍSURNAR Í HENNI.

Það á varla betur við á nokkrum öðrum stað, enn þessum, að fara fácinum orðum um sögu þá, sem rímurnar, er hér eru nú prentaðar í fyrsta sinni, hafa verið kveðnar útaf, og nota eg því líka, með samþykki útgefandans, tækifærið til þessa, áður enn eg segi skilið við þær að fullu. Þó forn-sögurnar, sem eðlilegt er, sèu hvergi eins almennt lesnar og að öllu samtöldu eins vel skildar eins og á Íslandi, þá er það þó hinsvegar líka satt, að nú um stundir er hvergi gert eins lítið og einmiðt þar til að rannsaka sjálfa fornöldina eða sögur hennar; og er þó slík rannsókn æfinlega nytsamleg, því þó opt megi hafa ymsar meiníngar um sumt, þá skýrist þó allajafna hugmynd manna um hvert málefni sem svo er, þegar það er skoðað vel á allar hliðar og með þeim eina tilgáangi að leita þess sem satt sè og rétt.

Held eg og að þetta megi vel eiga við á þessum stað, því þó saga sú, sem hér um ræðir, sè ei að vísu úr flokki hinna merkilegustu Íslendingasagna, þá er hún þó óefað eins fyrir því í mörgu tilliti makleg þess, að hún sè nákvæmar skoðuð, enn hingaðtil hefir gert verið, og ei hvað minnst vegna þess að hún er ein hin segursta og bezta úr sagnaflokki sèr, sem eg held menn hafi sjaldnast gert sèr rættar hugmyndir um, og sem því væri vert að reyna að gera nokkuð ítarlegri grein fyrir enn almennt er. En þess utan er hún og æfinlega falleg í sjálfri sèr og hefir líka almennt verið haldin svo á Íslandi, eins og líka visurnar í henni, sem enn eru, að minnsta kosti sumar af þeim, almennt súngrar á Íslandi, þó flestur annar fornskáldskapur sè nú í því tilliti lagður þar af, æfinlega eru þess maklegar að þeim sè á lopti haldið; og þær einar, þó aldrei væri annað, mættu því æ vera næg ástæða til þess að meta eigi þessa sögu lítils. Skal það því og vera tilraun mín, næst því að gera grein fyrir sögunni sjálfri og þeim mönnum, sem koma fyrir í henni, að leitast við að leiða mönnum vísur þessar fyrir sjónir svo fyllilega sem nú er unnt, og, að jeg vona, nokkru rættari, enn í hinni gömlu útgáfu sögunnar, er Björn vicelögmaður Markússon kom á prent á Hólum, sem alkunnugt er.

Um Víglundar sögu.

Sagan af Þorgrími prúða og Víglundi væna, eða sem hún heldur mætti heita af Víglundi og Ketilríði, er ei sönn á sama hátt, sem t. a. m. Njála eða Egilssaga. Heimild fyrir henni finnst hvorki í Landnámu nè öðrum fullsönnuðum forn-sögum, því það er ekki teljandi þó Síra Þórður í Hítardal (vinur og jafnanaldri Brynjúlfs biskups) geti þeirra Víglundar og Ketilríðar í sinni uppskrift af Landnámu¹, þar sem það varla getur verið efunarmál, að hann aðeins sjálfur hafi bætt þessu við eftir sögunni, sem þá ófað hefir verið alkunnug; því úr því handriti á skinni sem hann annars tók ymsa viðauka úr, einkum um borgfirzka menn ok vestfirzka — og var það eðlilegt um þetta handrit að það segði sumt greiniligra frá mönnum í þeim hëruðum, enn annarstaðar, þar sem það að öllum líkindum var eign og uppskrift Melamanna² af Landnámabók

¹) bls. 88, aths. 14, í síðustu útg. Landn., Kpmh. 1813.

²) Þeir voru, sem alkunnugt er, komnir frá Markúsi Þórdarsyni, bróður Bøðvars í Bæ, og að lángfeðgum frá Egli Skallagrímssyni sjálfum og Mýramönnum. Vóru þeir að Sturlúngum liðnum mestir höfðingjar í Borgarfirði, og einhver þeirra, ef til vill Snorri Markússon († 1302) sjálfur eða Þorsteinn ábóti sonur hans á Helgafelli († 1351), er líklegt að hafi skrifað eða látið skrifa þá landnámabók, er Síra Þórður auk annarra hafði fyrir sér ok kall-

Styrmis hins fróða — úr því handriti eru einmitt þau blöðin enn þá til, sem Síra Þórður þá hefði orðið að hafa fyrir sér, ef hann á þessum stað hefði farið eptir því einu, um landnám þeirra ættmanna Ketilríðar; en þar er þó nú hvorki getið hennar nè Víglundar. Orð Síra Þórðar sanna því öngan vegin, að Þorgríms eða sona hans hafi verið getið í nokkru fornu handriti af

aði „Landnámu” til aðgreiningar frá Hauksbók og öðrum handritum. Uppskript Síra Þórðar stakk Hannes biskup í sinni útg. af Landnámu uppá að kalla „Melabók”, af því hann hélt, sem vist mun og rétt, að sú bók, sem hann einkum hefði farið eptir, hefði verið komin frá Melamönnum, þar sem hún einkum teldi ættir til þeirra, og þessu nafni hafa menn síðan haldið. En nú fann Jón Sigurðsson, þegar Landnáma var seinast gefin út, í safni Á. Magnssonar brot úr sjálfu þessu frumriti, sem frá Melamönnum verður að vera komið, og hafi nokkurn tíma nokkurt handrit heitið „Melabók”, þá verður það ófarið að vera þetta, og er þá nú því síður rétt, sem seinustu útg. Landnámu þó hafa gert, að kalla enn þá „Melabók” handrit Síra Þórðar, sem miklu frenur mætti heita „Hitardalsbók”, og frumritið sjálft aðeins „Melabók hina eldri”. Get eg þessa því aðeins, að það getur opt valdið misskilningi, ef menn vita ei greinilega hvernig á handritunum stendur og nefna þau þá eptir því; því annars er allt svo fyllilega útgefið í hinni nýjustu útg. Landnámu, sem verða má, og þann stað úr hinni eiginlegu „Melabók”, sem vér hér verðum að byggja á, má t. a. m. lesa meðal brotanna úr henni í „Viðbæt. III”, bls. 315.

Landnámu, en ef nokkuð skal vera aðeins það, að hann hafi sjálfur þekkt Víglundarsögu og tekið hana eins trúanlega og áreiðanlega og hverja aðra forna Íslendíngasögu frá þeim tímum; og menn þurfa varla heldur að efást um, að slíkt hafi verið álit flestra manna um hans daga og allt þángað til P. E. Müller lagði annan dóm á hana í rannsókn sinni um fornsögur Íslendínga (*Saga-bibl.*, I., bls. 351). En þetta er engin sönnun, og vilji menn nú samt sem áður halda því fram, að sagan sè í sjálfri sèr sönn fornsaga, ei, sem eg áðan sagði, á sama hátt sem Njála t. a. m. eða Eglu, svo að menn með vissu, geti sagt um hana, sem þær, að hún sannarlega hafi gerst á Íslandi, því það skal eg ei reyna að verja, heldur miklu fremur á sama hátt sem Volsúngasaga t. a. m. eða Örvaroddssaga: það er að skilja, að hún í lángan aldur hafi gengið manni frá manni og verið sögð hërumbil á sama hátt, sem við nú eigum hana uppskrifaða, en hafi öngan veginn einsog Müller biskup hèlt, aðeins verið smíðuð og samsett öld-úngis tilhæfulaust á 14^{du} eða 15^{du} öld til gamans og skemtunar mönnum, eins og aðrar samkynja sögur, sem hann og heldur hið sama um og síðar skal getið verða — vilji menn sem sagt er, halda því fram að Víglundarsaga sè forn og ei upprunalega smíðuð af ásettu ráði, þá hafa menn

nú um stundir ekkert til að byggja álit sitt á annað enn aldur handritanna og edli og efni sjálfrar sögunnar. Skal eg nú því og aðeins halda mér við þetta tvennt, og einkum þó hið síðar nefnda; því þó sagan sjálf komi lítið við aðrar sögur, og efni hennar því víst ei geti orðið því álitu til mikillar styrktar, að hún í raun og veru hafi gerst á Íslandi, þá held eg þó að ýmislegt megi það týna til, sem að minnsta kosti verði að gera það sennilegt að hún sé þó ei með öllu lokleysa, en fullriðin við ymsar fornsögur, er til hafi verið um landnámsmenn á Snæfellsnesi, eður þeirra ættíngja.

Hvað nú fyrst og fremst handritunum viðvíkur, þá eru nú ei til af Víglundarsögu nema tvö gömul handrit á skinni, og bæði í safni Árna Magnússonar, Nr. 510 og 551, 4^{to}. Verður ei með vissu sagt hvað gömul þessi handriti séu, en líklegt er þó að hvorugt þeirra sé eldra enn frá niðurlagi 14^{du} aldar, og hið ýngra ef til vill ei eldra enn frá 15^{du} öld. Ekki heldur hef eg getað fundið nokkuð um það, hvaðan Árni hafi fengið handrit þessi, nema hvað hann segir sjálfur stuttlega í *Catalogo codicum pergamenorum* (*AM.* 435, 4^{to}), er hann átti seinast 1727, að handritið Nr. 551 (er eg hëðanaf ætla að kalla *B* til aðgreiníngar frá Nr. 510, sem við skulum láta heita *A*), hafi

hann komist yfir í Skálholti, en viti þó ei sjálfur hvort það hafi verið eign kyrkjunnar, sem það þó „aldrei hafi verið regístrerað við“, eða orðið eptir á staðnum af bókum Brynjúlfs biskups. Er það ei ólíklegt að hið síðara sè sannara, og mætti þá ímynda sèr að herra Brynjúlfur hefði fengið handritið að vestan, þar sem öll ætt hans var og mestur kunníngjalýður, að minnsta kosti um öndverða daga hans. En þetta er þó ei mikil upplýsing, og þó meiri enn sú sem nú getur fengist um handritið *A* (510, 4to), því um það hef eg hvergi fundið nokkuð sagt hvaðan Á. Magnússon hafi fengið það, eða hverir áður hafi átt það, og verða menn því alveg um þetta handrit og að mestu leiti eins um *B* að gízka á það af pappírs-handritunum, sem til eru alls ellefu í safni Árna. En áður enn eg sný að þeim skal eg þó segja nokkuð betur frá skinnbókunum.

Í handritinu *A*, sem eg held hèrumbil frá því um aldamótin 1400, er Víglundarsaga hin fyrsta af 9 fornsögum, sem annars eru á þeirri bók¹, og sýnist svo sem hún hafi ei haft nokkra yfirskrípt. Snemma í sögunni vantar því miður tvö blöð á að gízka, sem hafa náð frá því sein-

¹) Þær eru: af *Herraudi* og *Bösa*, *Jarlmann*, *Þorsteini bæjarbarni*, *Jömsvíkingum*, *Finnboga ramma*, *Drauma-Jóni* og *Friþjófi frækna*.

ast í 6ta kapítula og framyfir miðjan 11ta kapítula í prentuðu útgáfunni, og fást því ei eptir þessari bók tvær, eða þrjár næst fyrstu vísurnar í sögunni. Er sagan í handriti þessu nokkuð fjölordari enn í útgáfunni, og er ei ólíklegt að handrit það, sem Björn Markússon lét prenta vísur eptir í viðbætinum við útgáfu sína, hafi verið því líkast, því þær vísur, sem þar eru fleiri enn í aðalútgáfunni, eru og allar og einni betur í *A*; því þó þá fyrstu af vís-um þessum ("mikil er mótgángsroka", o. s. frv.) reyndar nú sem stendur vanti þar, þá sannar það ekkert, þar sem hún einmiðt hefði orðið að standa á þeim blöðunum, sem nú eru týnd. Er því líklegt, að hið eldra og fyllra handrit Björns, sem víst ei hefir verið annað enn pappírshandrit, hafi verið komið frá þessu skinnhandriti, einsog nú pappírshandritið 166, fol., sem Jón Gissurarson (hálfbróðir Brynjúlfs biskups) hefir skrifað, að Á. Magnússon segir fyrir 1646, ekki heldur er annað enn beinlínis afskript af því. Má af þessu ráða að skinnbók þessi hafi og verið á Vestfjörðum upphaflega, því þar var Jón Gissurarson, sem alkunnugt er, og þaðan var og B. Markússon ættaður; og það sýnir afskript Jóns enn fremur, að blöðin, sem nú vanta í bókina hafa ei heldur verið til þegar hann skrifaði söguna, því nú vantar öldúngis sama kaflann í pappírshandritið sem frumritið.

Þetta pappírshandrit, sem nú var talið, er hið einasta, sem beinlínis hefir verið skrifað eptir *A*; því handritið 511, 4^{to}, með hendi Síra Ketils Jörundarsonar, móðurföður Árna Magnússonar, er ei alveg einsog það, þó það hafi allar sömu vísurnar fram yfir sem hitt, og þessutan sleppir það líka vísunni: „Sèr ek á fjall”, o. s. frv., sem þó ei vantar í *A*. Gæti þetta reyndar verið eintómt athugaleysi, ef hið sama kæmi ei fyrir í svo mörgum af hinum pappírshandritunum, sem nú skal sagt frá, svo þau sýnast öll að hafa haft eitthvað fyrir sèr í þessu; og þessutan fær-ist það og nær þeim handritunum, sem skipta sögunni í 25 kapítula, því það hefir 24, þar- sem prentaða útgáfan aðeins hefir 18.

Öll önnur pappírshandrit, eru líkari sögunni sem hún er prentuð, eða skinnbókinni *B*, heldur enn *A*, og þó ei alveg sem annað hvort þeirra. Sjálfst handritið *B* er mjög svart og ólæsilegt skinnhandrit, en hefir þó áður verið nógu fallegt; nú vantar framanvið það og er á fyrsta bladinu rætt á undan Víglundarsögu niðurlag *Bárðar sögu* og *Gests* sonar hans, en á eptir henni sú *Grettissaga*, sem nýja útgáfan er gjörð eptir, og er það víða óvönduð uppskrift, og svo seinast upphaf *Þórðar sögu hreðu*. Fyrirsögu fyrir Víglundar sögu sýnist að hafa verið: Saga af Þor-

grími prúða ok Víglundi væna, og öll er þessi uppskrift sögunnar heldur lík prentuðu útgáfunni, nema það sem kapítular eru lengri og færri í henni, enn í prentuðu sögunni, og hún þess utan hefir framýfir eina af þeim vísunum, sem aðeins voru í lengra handriti Björns Markússonar; þessutan vantar og eitt blað framarlega í söguna í þessu handriti og þar á vísuna: „Veit ek at gullhringsgætir”, o. s. frv.

Af pappírshandritunum eru, sem sagt hefir verið, næstum því öll, það er að skilja að undanteknum þeim tveimur, sem áður hefir verið gerð grein fyrir, mjög náskyld *B*. Má skipta þeim í tvo flokka, og er aðaleinkennið að annar flokkurinn skiptir sögunni í 15, en hinn í 25 kapítula; því að öðru leiti eru þau öll mjög lík og sleppa öll vísunni sömu, sem áður er sagt, að vanti í handrit Síra Ketlis Jörundarsonar. Fyrir öðrum flokknum má telja afskrift sögunnar í Nr. 486, 4^{to}, sem Á Magnússon segir að sè úr bók, er Síra Þórður í Hítardal muni hafa átt og Einar Eyjólfsson, er síðan varð sýslumaður í Árnessýslu og var hinn fróðasti maður, hafi skrifað í æsku sinni meðan hann hafi verið hjá Síra Þórði og hafi þá stælt eptir hönd hans. Hafa í þessarri bók líka verið, og eru enn, þó röð þeirra nú víst sè nokkuð breytt, sögurnar af *Bárði* og *Gesti*, *Hænsna-Þóri*,

*Þórði hreðu*¹ o. fl., allar með hendi Einars; en hvað Víglundarsögu einni viðvíkur, þá er nú ei óþarft að minnast þess aptur að, Síra Þórður var aldavin Brynjúlfs biskups, sem áður hefir sagt verið að líklega hafi átt skinnbókina *B. Öldúngis* einsog afskript Einars Eyjólfssonar er nú og afskript sögunnar í handritinu 160, fol., stórri bók í rauðu silkiflos-bandí og með gyltum sniðum, með hendi Síra Jóns Erlendssonar í Villíngaholti, sem skrifaði flestar sögur fyrir Brynjúlf biskup; hefir Gyldenlöve stiptamtmaður áður átt þessa bók, og er því ei ólíklegt að hann hafi t. a. m. fengið hana eptir Bjelke, en honum hafi aptur Brynjúlfur biskup gefið hana. Eptir þessari bók hefir Á. Magnússon látið Jón Torfason skrifa afskriptina í 512, 4^{to}, og eptir henni er líka að öllum líkindum skrifuð sagan í 553, 4^{to}, með hendi Jóns Sigurðssonar, er kvað *Tímarímu*, en áður hafði stundum skrifað upp sögur fyrir Á. Magnússon meðan hann var í Höfn. Er sögunni

¹) Upphaf sögu *Þórðar hreðu* er hér miklu fyllra enn nokkurstaðar annarstaðar og auðsjáanlega fornt; kann það vel að vera eptir þeirri hinní ágætu skrásetningu af Þórðarsögu, sem nú því miður aðeins niðurlagið er til af á skinni, og H. Fríðriksson hefir gefið út eptir skinnbláði í *AM.* 564 A, í sinni útgáfu af sögunni, og er það mein að hann skuli þá ei líka hafa tekið eptir þessu upphafi, þó það sé aðeins á pappír.

í öllum þessum bókum skipt í 15 kapítula, en í þeim sem enn eru eptir ótalin í 25, og má helst telja fyrir þeim handritið *AM.* 116, 80, sem líka mun vera elzt, því Jón Hákonarson á Vatnshorni, mjög fróður maður, skrifaði Á. Magnússyni 1698, að það hefði áður átt Síra Thómas á Snæfjöllum, er þar var prestur þartil um 1660 og þegar grjótkastið gekk þar og galdra-undrin, sem Jón lærði getur um í æfíkvæði sínu, að Þorleifr skáld¹

¹) Það held eg eigi að vera Þorleifr Þórðarson, er kallaður var Galdra-Leifi, sonarsonur Þorleifs á Möðruvöllum, mikils höfðingja og tengdaföður Ara lögmanns, sem alkunnugt er. Um þenna Þorleif hafa gengið margar sögur, sem vert væri að safna betur enn hefir verið gert, því í hinum *Íslenzku Æfintýrum* (bls. 116—21) er þeim ófað ruglað saman við eldri sögur um Tröllu-Láfa, því sá Ólafur mun líka hafa verið kallaður Kjapta-Láfi (Láfi, en ei Leifi), einsog vísan sannar, því þar kallar tröllkonan hann beinlínis „Ólaf munn“ og „rángkjapt“. Við Ólaf mun það líka eiga, en ei Þorleif, að hann hafi verið fæddur á efsta bæ í Hreppum, og eins sagan um tröllkonuna og jólanóttina í Ölvesi, því í þeim hærudum mun hann helst hafa komið við, og gæti jafnvel verið að Ólafsskarð undir Viðfelli tæki nafn af honum; og það sem sagt er í *Æfintýrunum* um uppvöxt Þorleifs mun því hið einasta sem réttilega er heimfært uppá hann. Sagan um Ólaf mun annars vera miklu eldri, enn sagnirnar um Þorleif, því Páll Vidarín þekkti hana jafnvel og kallar hana gamla sögu (sbr. *Fornyrðin*, bls. 511) en hvernig á ruglingnum milli beggja


hafi verið fenginn til að koma af. Er handrit þetta lítið kver í átta-blæða-broti og eru á því ymsar fleiri sögur, sem sumar hverjar hafa verið skrifaðar snemma á árinu 1660, eptir því sem sagt er í bókinni sjálfri; en rétt einsog það eru aptur handritin 552, 4^{to}, er Á. Magnússon hafði fengið frá Síra Ólafi Gíslasyni á Hofi í Vopnafirði, fóstursyni Brynjúlfs biskups (Ísl. Árb. VII, 6), og handritið 568, 4^{to}, er Á.


sagnanna í *Æfintýrunum* standi, er nú ei hægt að segja, þar sem útgefendurnir alls ekki segja um neina sögu hvaðan þeir hafi hana. Er þetta og eitt dæmi uppá það hve nauðsynleg slík nákvæmni er, því þegar menn vita frá hverjum sögnin er komin, þá má fyrst meta hana; og það hefir líka Gísli Konráðsson skilið, sem einna flestum og beztum sögnum hefir safnað á Íslandi, því hann gleymir nú sjaldnast af íslenskum fræðimönnum að geta heimildar sinnar. Um Þorleif Þórðarson er það annars að segja, að hann hefir víst verið undarlegur maður og ei ómerkilegur í sumu, þó honum væri kennt um galdur. *Skriptarminning*, er hann orti, hafa að visu margir haft í háði, er honum hafa þóttst vitrari; en að henni er þó ei svo mjög hlæjandi, því að því leiti, sem eg get ráðið af því litla, sem Einar Bjarnason á Mælifelli segir af efni hennar í hinu fróðlega *Fræðimannatali* sínu, þá hefir höfundur hennar orðið að hafa einhverja kynningu af Talmúd (Kabbala?) eða öðrum ritum Rabbínanna, og hefði þá verið merkilegra að rannsaka þetta heldur enn aðeins að gera gis að Þorleifi. Bæði um hann og Jón lærða, er líka talar opt um „hinar frankfurthsku bækur” (eptir

Magnússon hafði fengið frá Síra Árna á Brekku¹, og er það eitt merkilegt við þetta handrit og annað til, að þau kalla föður Hólmkels: Álfrek, sem þó aðeins kann að vera ritvilla í staðinn fyrir vanalega nafnið Alfarrinn. Í öllum þessum afskriptum er sögunni skipt í 25 kapitula, og það er eins í pappírshandritinu 560, 4^{to}, sem eg þó hvorki veit hver skrifað hefir nè hvaðan komið er; en það handrit sleppir flestum vísunum og getur þeirra þá aðeins og þó ei allra, og er það í því tilliti alveg samkynja handritinu 163, fol., því einasta, sem nú er eptir að nefna; og Á. Magnússon hafði fengið frá Jóni Þorlákssyni sýslumanni í Múlasýslum, og gæti það þá vel verið skrifað eptir bók Síra Ólafs á Hlofi og vísunum sleppt af ásettu ráði.

Albertus Magnus, Cornl. Agrippha, Paracelsus, eða þeirra líka?), er svo að sjá sem þeir hafi haft meiri kynningu af útlendum bókum, enn menn skyldu halda, og er nauðsyn vegna ísl. bókmenta á miðöldunum að rannsaka þetta. Mundi eg því og mikillega þakka hverjum þeim, sem kann að eiga rit eða kvæði eptir þá Jón eða Þorleif, ef hann vildi gera svo vel og senda mér það, þó ei væri nema til láns um tíma.

¹) Þessi Síra Árni held eg sé Síra Árni Jónsson, er prestur var í Saurbæjarþingum fyrir vestan um daga Á. Magnússonar, og líklega hefir búíð á annarri hverri Brekkunni þar í sveit, eptir að hann varð að láta af prestskap 1723 (Ísl. Árb. ix, 71).





Lbs - Íslandssafn



100441045 - X

